


Blaðamaðurinn



Ágúst 2006 • 2. tbl. • 28. árgangur

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Starfsumhverfi blaðamanna

• **Skýrsla frá IFJ**
Alþjóða blaðamanna-
sambandinu

• **Konur í meiri-
hluta stjórnar**
Blaðamannafélagsins

• **Nýir taxtar**



Blaðamenn
eru mikilvæg stétt

- **Rökstuðningur**
dómnefndar
Blaðamannaverðlauna
- **Verðlaunamyndir**
blaðaljósmyndara
- **Siðanefndar-
úrskurðir**



EFNI BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4 Tilnefningar
til Blaðamannaverðlauna ársins 2004
- 5 Birgir Guðmundsson:
Störf dómnefndar
- 6 Rökstuðningur dómnefndar
vegna Blaðamannaverðlauna 2004
- 7 Þorvaldur Örn Kristmundsson:
Augunum verður ekki treyst
- 8 Verðlaunamyndirnar 2005

Umræðan

- 14 Katrín Pálsdóttir:
Blaðamenn eru mikilvæg stétt
- 18 Starfsumhverfi blaðamanna
Ný rannsóknarskýrsla IFJ

Félagið

- 20 Taxtar hækka
- 22 Arna Schram:
Konur meirihluti stjórnar
- 23 IFJ
Bætt umfjöllun um HIV/AIDS

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
netfang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 11.00–15.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Úrskurðir

- 22 Úrskurðir siðanefndar

Forsíðumyndin

Mynd ársins 2005 er eftir Þorkel Þorkelsson. Sjá
nánar á bls. 8.

Starfsskilyrði blaðamanna

Á undanföllum árum hefur það sífellt komið betur í ljós, bæði hér á Íslandi og í nágrannalöndum okkar, að fjölmiðlun getur verið arðvænlegur atvinnurekstur. Viðskiptasjónarmið eru nú allsráðandi í rekstri fjölmiðla og smám saman hafa þau vikið burt hugsjónastarfsemi eða pólitík, sem áður voru mikilvæg en eru nú að hverfa sem hreyfiafl í útgáfu og fjölmiðlun. Hvort sem fólk líkar þessi þróun vel eða illa, þá komast blaðamenn ekki hjá því að staldra við og skoða þau áhrif sem þetta hefur á starf þeirra og þær hugmyndir og gildi sem því eru samofin. Í þessu hefti Blaðamannsins verða skoðaðar tvær rannsóknarskýrslur sem báðar snúast – hvor með sínum hætti – um blaðamannsstarfið.

Annars vegar er um að ræða áhugaverða meistaraþrófsritgerð Katrínar Pálsdóttur fréttamanns, sem skrifuð er í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Katrín dregur mjög afdráttarlausar ályktanir af rannsóknnum sínum og bendir á að í blaðamannastétt á Íslandi sé vel menntað fólk sem hafi gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna. Hins vegar séu störf þeirra ekki metin í samræmi við það þegar kemur kjaramálum. Sú tilgáta sem Katrín lagði upp með var að samhengi og samræmi væri milli mikilvægis fjölmiðla á Íslandi og þess hvernig búið er að starfsmönnum þeirra. Niðurstaða hennar var að þetta samræmi væri ekki til staðar. „Miðað við stöðu fjölmiðla í samfélaginu og það að þeir séu réttnefndir FJÓRÐA VALDIÐ ætti að búa mun betur að blaða- og fréttamönnum þannig að þeir geti sinnt sínum mikilvægu störfum á mannsæmandi hátt.“ Þessi niðurstaða Katrínar er alvarlegt umhugsunarefni fyrir blaðamenn og samtök þeirra, ekki síst í ljósi þess að þrátt fyrir ónóga og á köflum snautlega umbun fyrir störf sín er mjög mikilvægt að blaðamenn slaki hvergi á í kröfum til sjálfra sín um vönduð vinnubrögð og fagmennsku. Krafa getur því eingöngu verið á einn veg: Að aðbúnaður og kjör verði bætt, enda kemur ekki til greina að slá af gæðum. Slik kröfugerð beinist hins vegar að fjölmiðlum sem fyrirtækjum, fyrirtækjum þar sem hrein viðskipta- og markaðssjónarmið ráða orðið alfarið ríkjum. Hagræðing og straumlínulögun í rekstri er vissulega sjálfögð upp að vissu marki, en í henni felst umtalsverð hætta á útþynningu og margnýtingu ritstjórnarefnis, sem minnkar gæði blaðamenskunnar. Þetta ferli er e.t.v. ekki orðið áberandi hér á Íslandi enn, en í nágrannalöndum okkar hafa menn áhyggjur af þessu. Það sýnir m.a. hin rannsóknarskýrslan sem greint er frá í þessu hefti Blaðamannsins. Það er skýrsla Alþjóða blaðamannasambandsins (IFJ) um „Breytt eðli vinnunnar: Hnatræn könnun á öreglubundinni vinnu í fjölmiðlaheiminum“. Þar kemur fram augljós tilhneiging til að fastráða ekki blaðamenn, en ráða þá þess í stað tímabundið á breytilegum samningskjörum, í hlutastarf og sem verktaka. Þetta er gert í nafni hagræðingar og viðskiptasjónarmiða. Blaðamenskusjónarmiðin hins vegar varða útundan, og IFJ hefur af þessum sökum áhyggjur af gæðum. Starfsmaður í óruggri ráðningarstöðu er ekki í sömu aðstöðu til að ástunda sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð og sá sem ekki þarf að hugsa um hvort hann hafi vinnu á morgun.

Blaðamaðurinn er gríðarlega mikilvægur í lýðræðissamfélagi og starfsskilyrði hans því órjúfanlegur hluti af allri umræðu um lýðræði og þann ramma sem fjölmiðlar starfa innan.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, blaðamaður Mbl. formaður.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2/Bylgjan, varaform.
Arndís Þorgeirsdóttir, fréttastjóri FB, gjaldkeri.
Björgvin Guðmundsson, Ritstjóri DV.
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari Viðskiptablaðinu.
Elva Björk Sverrisdóttir, blaðam. Morgunblaðinu.
Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is

Varamenn:

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir, blaðamaður Fróði.
Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu.

Samningaráð:

Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Helgi Seljan, NFS.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2.
Svanborg Sigmarsdóttir, Fréttablaðið.
Þorvaldur Ó. Kristmundsson, Mbl.

Varamenn:

Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir.
Róbert Róbertsson, Fróði.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður.
Hilmar Karlsson, varaformaður, DV.
Lúðvík Geirsson, ritari.

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson.

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson, formaður, Elin Albertsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúðvík Geirsson og
Sigríður Arnadóttir.

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson.

Dagblaðið/Vísir:

Arndís Þorgeirsdóttir.

NFS:

Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hliðar Harðarson.

Fréttablaðið:

Kristín Eva Þórhallsdóttir og Þröstur Emilsson.

Fróði:

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir.

Blaðið:

Ingólfur Júlíusson.

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson.

Síðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lögm., formaður.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaformaður.
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrum fréttastjóri.
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda.
Salvör Nordal, fulltrúi Síðfræðistofnunar HÍ.

Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson, blaðamaður.
Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður.
Þór Jónsson, blaðamaður.

Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna ársins 2005

Besta umfjöllun ársins 2005

Auðunn Arnórssón, Jóhann Hauksson og Svanborg Sigmarisdóttir, Fréttablaðinu, fyrir upplýsandi og vandaða umfjöllun um ýmsar hliðar stjórnarskrármálsins undir heitinu „Stjórnarskrá Íslands endurskoðuð“.

Sigmar Guðmundsson, Kastljósinu, RÚV, fyrir að fylgja eftir á vandaðan hátt uppljóstrunum um kynferðislegt ofbeldi sem fram komu í bók um Thelmu Ásdísardóttur.

Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu, fyrir ítarlega og greinargóða umfjöllun um rekstur og starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss í kjölfar sameiningar.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2005

Anna G. Ólafsdóttir, Morgunblaðinu, fyrir upplýsandi greinaflokk um fátækt og bresti í íslensku velferðarsamfélagi.

Jóhannes Kr. Kristjánsson, NFS, fyrir afhjúpanði umfjöllun í fréttapættinum Kompási um sívaxandi hlut „læknadóps“ á fíkniefnamarkaði.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Fréttablaðinu, fyrir úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna og umtöluð fréttaskrif um aðkomu áhrifamanna í aðdraganda málaferla gegn forsvarsmönnum Baugs.

Blaðamannaverðlaun Íslands 2005

Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu, fyrir vönduð skrif um Afganistan, alþjóðasamstarf og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

Gerður Kristný Guðjónsdóttir blaðamaður fyrir óhefðbundna blaðamennsku og ítarlegar rannsóknir við skrif á sögu Thelmu Ásdísardóttur „Myndin af pabba“.

Jón Björgvinsson, fréttaritari Útvarpsins, fyrir lifandi fréttalutning af vettvangi heimsviðburða á hamfarasvæðum vitt og breitt um heiminn.



Verðlaunahafarnir. Frá vinstri: Sunna Ósk Logadóttir, Sigurjón M. Egilsson, sem tók við verðlaunum fyrir Sigríði Dögg Auðunsdóttur, og Gerður Kristný Guðjónsdóttir.

Inngangssávarp Birgis Guðmundssonar formanns dómnefndar við afhendingu verðlaunanna þann 18. febrúar 2006:

Störf dómnefndar



Eftir
Birgi Guðmundsson

Almennum tilnefningum til Blaðamannaverðlauna hefur fjölgað ár frá ári í þessu þrjú skipti sem verðlaunin hafa verið veitt. Þannig voru tilnefningarnar í ár talsvert fleiri en í fyrra og það sem kannski er enn ánægjulegra er að þær voru betur undirbyggðar og snerust um að tilnefna mjög góða og mjög fjölbreytta blaðamennsku. Það er vissulega freistandi að álíta að fagleg viðmið og kröfur stéttarinnar til sjálfrar sín séu að aukast og jafnvel að tilkoma verðlaunanna hafi átt einhvern þátt í að ýta undir það. Hitt er þó líklegra, að verðlaunin séu að verða þekktari og fólk inni á ritstjórnunum líklegra að til að tilnefna það sem þar er vel gert.

En um leið og fjöldi tilnefninga hefur vaxið hefur þeim álitamálum einnig fjölgað, sem taka þarf afstöðu til. Þannig voru fjölmiðlarnir sjálfir og vinnubrögð þeirra á síðasta ári iðulega viðfangsefni flokkspólitískra og/eða viðskiptapólitískra deilna. Nýjungar hafa líka komið fram þar sem farið hefur verið inn á brautir sem lítið eða ekkert hefur verið rætt um í íslenskrum blaðamennsku. Dómnefnin kaus að forðast EKKI álitamálin af þeirri einföldu ástæðu að með því að standa hjá og fjalla ekki um það sem var í

hinni raunverulegu deiglu en kjósa þess í stað öryggi hins óumdeilda, væri hún í raun að gengisfella bæði sig og verðlaunin sjálf. Í þeim tilnefningum dómnefndar sem fram komu fyrir rétttri viku er því að finna ýmislegt sem búast mátti við að kallaði á umræðu, en því miður hefur sú umræða þó orðið minni en efni stóðu til, sérstaklega í stóru miðlunum. Ég nefni t.d. að notkun á földum myndavélum og birting myndanna í framhaldinu, er síður en svo sjálfsgagt mál og um þetta hefur lítið verið rætt meðal blaðamanna hér þó nokkuð ákveðnar reglur hafi skapast um það víða erlendis. Birting og með-

ferð tölvuskeyta er annað mál sem deilt hefur verið um. Og loks er það nýjung að tilnefna bók til blaðamannaverðlauna, þó það sé raunar algengt í nágrannalöndum okkar að bækur séu vettvangur blaðamennsku og tilnefninga til verðlauna eins og tilnefningarnar fyrir nokkrum vikum til Cavlingverðlaunanna í Danmörku eru dæmi um, en þar var einmitt bókinn „Det delte Danmark“, eftir Lars Olson meðal tilnefninga.

En það sem telst til nýjunga hér er ekki endilega óþekkt annars staðar í heiminum og þótt eini mælikvarði sem dómnefnin gat yfirleitt notað hafi verið mælikvarði faglegrar blaðamennsku, þá var einnig hægt að finna fordæmi og leiðbeiningu í því sem kollegar okkar úti í hinum stóra heimi hafa verið að gera.





Rökstuðningur dómnefndar vegna Blaðamannaverðlauna 2005

Hér á eftir fer rökstuðningur dómnefndar fyrir niðurstöðu verðlaunanna fyrir árið 2005. Í dómnefnd sátu Birgir Guðmundsson, formaður, Elin Albertsdóttir, Jóhannes Tómasson, Lúðvík Geirsson, og Sigríður Árnadóttir.

Besta umfjöllun ársins 2005

Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu, fyrir ítarlega og greinargóða umfjöllun um rekstur og starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss í kjölfar sameiningar.

Rökstuðningur:

Greinaflokkur Sunnu Óskar Logadóttur í Morgunblaðinu um spítala í spennitreyju dregur með skýrum og skiljanlegum hætti fram þann flókna veruleika sem rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss er. Þar birtast margir sjálfstæðir en þó samtengdir heimar, sem hver um sig hefur orðið að ganga í gegnum breytingar vegna sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík og viðvarandi kröfu um aðhald og ráðdeild í rekstri. Um langt skeið hafa landsmenn orðið að láta sér duga brotakenndar fréttir, sem draga upp torskiljanlegar svipmyndir af starfsemi sjúkrahússins án þess að hafa haft möguleika á að skoða eða skilja samhengi heildarmyndarinnar. Sú heildarmynd er einmitt dregin fram með einstökum hætti í greinaflokki Sunnu Óskar um leið og fjölmargar smærri fréttir og forvitnileg fyrirbæri koma í ljós þegar Landspítali – háskólasjúkrahús er skoðaður með kerfisbundum hætti.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2005

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Fréttablaðinu, fyrir úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna og umtöluð fréttaskrif um aðkomu áhrifamanna í aðdraganda málaferla gegn forsvarsmönnum Baugs.

Eitt mikilvægasta hlutverk blaðamannsins er að veita stjórnvöldum, hver svo sem þau eru, gagnrýnið aðhald. Þetta hefur ekki síst verið eitt meginviðfangsefni rannsóknarblaðamenskunnar sem veltir hlutum við og dregur fram mikilvæg atriði mála sem annars hefðu ekki legið ljós fyrir. Skrif Sigríðar Daggar Auðunsdóttur í Fréttablaðið um einkavæðingu ríkisbankanna og aðdraganda Baugs málsins eru gott dæmi um slíka blaðamensku. Í bankaumfjöll-

uninni fór saman skilmerkileg framsetning og umfangsmikil úttekt á sölu ríkisbankanna, ferli þar sem um gríðarmikla almannahagsmuni var að tefla. Greinar Sigríðar Daggar vörpuðu nýju ljósi á ýmsa þætti málsins og hin viðtæka og heita umræða sem spratt upp í framhaldinu undirstrikaði þörfina á því að opna málið og að margt mætti af því læra varðandi einkavæðingu í framtíðinni. Í Baugs málinu sýndi Sigríður af sér áráðni og nákvæmni í viðkvæmri og vandasamri úrvinnslu á tölvuskeytum sem Fréttablaðinu höfðu borist og gátu hafa skipt máli fyrir aðdraganda einnar umfangsmestu lögreglurannsóknar seinni ára. Hún fór ekki þá leið að birta hrá skeytin, heldur reyndi hún eftir mætti að sannreyna að þær óvæntu upplýsingar sem þar komu fram væru réttar. Hún sýndi góða blaðamennsku og uppsker verðlaun fyrir.

Blaðamannaverðlaun Íslands 2005

Gerður Kristný Guðjónsdóttir blaðamaður fyrir óhefðbundna blaðamennsku og ítarlegar rannsóknir við skrif á sögu Thelmu Ásdísardóttur „Myndin af pabba“.

Hinn háleiti kjarni blaðamenskunnar snýst um að leita sannleikans og segja frá honum með það að markmiði að þjóna almannaheill. Einstök bók Gerðar Kristnýjar Guðjónsdóttur, „Myndin af pabba“, er gott dæmi um þetta, enda hreyfði fátt annað eins rækilega við íslensku þjóðinni á síðasta ári. Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum hefur verið fallið þjóðfélagsmeini sem vandasant getur verið að fjalla um á opinberum vettvangi svo vel sé. Það var því ekkert sjálfgefið varðandi þann farveg og þann máta sem Gerður Kristný valdi til að koma þessari miklu og brýnu reynslusögu á framfæri við almenning. Það sem upphaflega hafði verið hugsað sem tímaritsgrein varð bók þar sem veruleiki kynferðisofbeldis er dreginn fram svo enginn verður ósnortinn eftir.

Vinnubrögð Gerðar Kristnýjar einkenndust af traustri blaðamennsku, þar sem fléttað var saman sjálfstæðri rannsóknarvinnu og viðtölum. Textinn er vel skrifaður og frásögnin einkennist af smekkvísi og nákvæmni. Hún velur áhrifaríkt form við að skrifa þessa miklu frétt þar sem viðmælandinn er alltaf í forgrunni.

Óhugnanlegur sannleikur um alvarlegan þjóðfélagsvanda og um samfélag sem brást var afhjúpaður í bókinni með viðtækum afleiðingum fyrir íslenskt þjóðfélag.

Augunum verður ekki treyst ef ímyndunaraflið er úr fókusi



Eftir
Þorvald Örn
Kristmundsson
formann BLÍ

Hvað skilur á milli ljósmyndara og manns með myndavél? Það er einfalt. Maðurinn með myndavélina tekur

mynd, ljósmyndarinn gerir myndina ódauðlega. Ljósmynd er í senn fortíð, nútíð og framtíð. Ljósmyndari verður að ögra sjálfum sér og líta í eigin barm til að skapa verk sín. Sjálfritskoðun er hverjum manni holl. Til að öðlast þroska sem ljósmyndari þarf að fylgja hughvörfum sínum og eðlisávisun, kynna sér gamla og nýja trauma. Fá innblástur frá öðrum ljósmyndurum og efla sjálfan sig í tilraunastarfsemi. Fara og framkvæma, leggja af stað skipulega eða óskipulega. Hið óvænta er oftast hið ánægjulega, myndin sem ekki var bú-

ist við að ná á þessum stað náðist á filmu.

Mark Twain sagði: „Augunum verður ekki treyst ef ímyndunaraflið er úr fókusi. Á endanum er svart-hvíta filman í stækkaranum að búa til mynd sem segir sögu einhvers. Ljósmyndun er ljóðlist, myndlist, hugleikur, sköpun, sorg og sæla. Ljósmyndarinn er í raun málarí nútímans, filman er olía og pappír ljósmyndarans er strigi málarans. Lífsins ævintýr eiga samleið við uppruna ljósmyndunar, filman. Sá er ljósmyndari sem lifir með því.“




Verðlaunahafar í hinum ýmsu flokkum.

Verðlaunamyndirnar 2005

Hér á eftir fara verðlaunamyndirnar af sýningunni Myndir ársins 2005 en dómnefnd skipuð þeim Terje Bringedal, Ara Sigvaldasyni og Páli Steingrímssyni valdi myndirnar og rökstuddi álit sitt.



Mynd ársins



Íbúar strandhéraðanna sem risaflóðbylgjan reið yfir á annan dag jóla 2004 eiga allt sitt undir sjónum. En þótt sjórinn sé að jafnaði gjöfull olli hann í þetta sinn gríðarlegum hörmungum. Það er því ekki að undra að margir eigi erfitt með að sættast aftur við þau ófl sem í hafinu búa. Hér fara búddamunkar á Sri Lanka með fyrirbærni á ströndinni og freista þess að sættast við hafið.



Þorkell Þorkelsson/
Morgunblaðið

Fréttamynd ársins 2005



Ragnar Axelsson/
Morgunblaðið

Davíð Oddsson kveður á landsfundi sjálfstæðismanna í Laugardalshöll. Hann lét af formennsku í flokknum, hætti sem ráðherra og sagði skilið við pólitík eftir að hafa setið á stóli forsætisráðherra á annan áratug.

Daglegt líf



Oft geta myndast furðulegustu fyrirbæri úti í náttúrunni.



Ingólfur Júlíusson/
Bláðið



Þorvaldur Örn
Kristmundsson/
Morgunblaðið

Þjóðlegasta mynd ársins



Sjósund um miðjan vetur. Vaskur sjósundshópur sem hittist einu sinni í viku skellir sér í iskaldan sjóinn þótt frostið og kuldinn biti fast.


Skoplegasta mynd ársins



Jólatré á göngu um Pósthússtrætið.



Haraldur Jónasson/
Fréttablaðið



Tímaritsmynd ársins



*Bragi Þór Jósefsson/
Fróði*

Listakonan Rúrí við verk sitt
í Árbæjarkirkju.

Portrett



*Bragi Þór Jósefsson/
Fróði*



Strákur í sundlaug.

Íþróttamynd ársins



Skautastúlkur á æfingu í Skautahöllinni í Reykjavík.



Árni Torfason/
Morgunblaðið

Landslagsmynd ársins



Páll Stefánsson



?????

Myndröð ársins 2005



*Porkell Þorkelsson/
Morgunblaðið*

Flóðbylgjan mikla sem skall á ströndum landa við Indlandshaf annan í jólum 2004 eirði fáu. Hátt í tvö hundruð þúsund manns týndu lífi og eyðilegging lands og byggða var gríðarleg. Verst var tjónið í Aceh-héraði á norðurströnd Súmötru í Indónesíu Þar týndu um 130 þúsund manns lífi og heilu byggðarlögin þurrkuð-ust af yfirborði jarðar. Tjónið var einnig mikið hinum megin Indlandshafsins, á Sri Lanka. Ári eftir atburðina eru íbúar þess-ara landa enn að glíma við afleiðingar flóðbylgjunnar. Margir búa í bráðabirgðaskýlum og sumir misstu alla fjölskyldu sína í ham-förunum. Selta í jarðveginum veldur því að erfitt er að græða upp landið en smám saman færast ýmislegt aftur í rétt horf.



Ný meistararitgerð í mannauðsstjórnun eftir Katrínu Pálsdóttur um Fjórða valdið:

Blaðamenn eru mikilvæg stétt

„Tilgáta höfundar um að það sé samhengi á milli mikilvægis fjölmiðla á Íslandi og þess hvernig búið er að starfsmönnum þeirra stenst ekki. Miðað við stöðu fjölmiðla í samfélaginu og það að þeir séu rétt FJÓRÐA VALDIÐ ætti að búa mun betur að blaða- og fréttamönnum þannig að þeir geti sinnt sínum mikilvægu störfum á mannsæmandi hátt.“

Þetta er í stórum dráttum niðurstaða Katrínar Pálsdóttur fréttamanns í lokaritgerð hennar til meistaraprófs í lokaritgerð hennar til meistaraprófs í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Ritgerð Katrínar ber heitið „Fjórða valdið“ og var skilað inn á þessu ári. Ritgerðin er yfir 150 síður að lengd og kemur inn á fjölmörg svið og fjallar um „fjölmiðla á Íslandi, stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu og starfsmenn þeirra, blaða- og fréttamenn,“ eins og Katrín segir í inngangi sínum. Hún skilgreinir rannsóknarspurningar ritgerðarinnar þannig: Í fyrsta lagi spyr hún hvernig stjórnvöld á Íslandi, eigendur, stjórnendur og fræðimenn skilgreini fjölmiðla og stöðu þeirra í íslensku samfélagi? Í öðru lagi spyr hún hvernig samstarfsmannamálum, vinnubrögðum og sjálfsmati blaða- og fréttamanna sé háttað á stærstu fjölmiðlum landsins.

Á þessum vettvangi gefst ekki tækifæri til að fara ítarlega í niðurstöður Katrínar en varðandi fyrri spurninguna kemst hún að því að stjórnvöld, fræðimenn og eigendur miðlanna telji þá mikilvægar stofnanir sem gegni mjög mikilvægu hlutverki og séu nauðsynlegir lýðræðinu. Þau telji að fjölmiðlar séu spegill samfélagsins á hverjum tíma, en um leið séu þeir mótunarafli með því einu að veita sumum málum athygli en ekki öðrum og með því að halda fram skoðunum um tiltekin mál. En jafn-



Katrín Pálsdóttir, höfundur ritgerðarinnar um Fjórða valdið.

framt segir Katrín: „Eigendur og þeir sem stjórna í umboði þeirra víla ekki fyrir sér að hafa bein afskipti af vinnubrögðum á miðlunum, þannig að umfjöllun sé í þeirra þágu. Vinnubrögð eru svipuð þegar fjallað er um sömu mál hjá blaða- og fréttamönnum á fjölmiðlum, en leiðarahöfundar og stjórnendur fjölmiðla ganga erinda eigenda. Ráðamenn og eigendur fjölmiðla eiga langt í land hvað varðar umgengni við miðlana og virðingu fyrir faglegum vinnubrögðum.“

Varðandi spurningu um starfsmannamál segir Katrín að þeim sé víðast hvar illa sinnt. Á ritstjórnum starfi vel menntað fólk með mikla starfsreynslu, leggi áherslu á endurmenntun og þurfi að vinna sjálfstætt undir miklu álagi. „Almenningur treystir þeim til góðra verka, en yfirmenn á ritstjórnunum leggja ekki næga rækt við starfsmenn og huga ekki nægilega að þróun þeirra í starfi.“

Niðurstaða hennar er því sú sem greinir hér í upphafi.

Hluti af rannsóknarvinnu Katrínar fólst í því að gera viðhorfskönnun meðal starfsmanna stærstu ritstjórnanna, þ.e. Morgunblaðsins, Fréttablaðsins, DV, Útvarpsins, Sjónvarpsins, Stöðvar 2 og Bylgjunnar. Sendar voru spurningar í tölvupósti á alla blaða- og fréttamenn alls 249 manns. Margar áhugaverðar niðurstöður komu út úr þessari könnun en Blaðamaðurinn óskaði eftir því við Katrínu að fá að birta umfjöllun hennar sem snerti upplifun og skoðanir blaðamanna sjálfra á blaðamennskunni sem fagi og faglegum vinnubrögðum á ritstjórnunum. Vilji menn skoða frekari niðurstöður úr ritgerð Katrínar er hægt að nálgast ritgerðina á Þjóðarboðhlöðunni. Hér á eftir víxlum við aðeins kaflaröð þannig að fyrst er birt samantekt Katrínar á helstu niðurstöðum og síðan kafli um „vinnubrögð, ákvarðanir og samskipti“, en ástæða er til að ætla að sá kafli eigi sérstakt erindi í umræðuna um þessar mundir:

Samantekt

Rannsóknin var gerð með því að senda út könnun í tölvupósti til 249 blaða- og fréttamanna, sem starfa á fréttastofum Morgunblaðsins, Fréttablaðsins, DV, Útvarpinu, Sjónvarpinu, Stöð 2 og Bylgjunni. Þýðið voru allir sem starfa við fréttaoöflun á fréttastofunum. Svör bárust frá 129 manns eða 51,8 prósent, sem er rúmlega helmingur af þýðinu. Niðurstöður í mjög stórum dráttum eru þessar:

* Fleiri karlar svöruðu rannsókninni en konur. Karlar eru fleiri á ritstjórnunum fjölmiðlanna, konur eru um það bil 40 prósent félagsmanna í Félagi fréttamanna og Blaðamannafélagi Íslands þannig að hlutfallið er nær

það sama og í þeim hópi sem svaraði könnuninni.

- * Flestir sem tóku þátt í könnuninni hafa starfað á fjölmiðlum í 11 til 20 ár. Næst fjölmennasti hópurinn hefur starfað á miðlum í 5 til 10 ár. Þá höfðu um 17 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni lengri starfsaldur en 21 ár, þannig að blaða- og fréttamenn hafa mikla reynslu í sínu fagi.
- * Rúmlega helmingur blaða- og fréttamanna hefur lokið fyrstu gráðu frá háskóla, BA eða BS prófi. Rúmlega 20 prósent eru með meistaraþróf, MA eða MS, þannig hafa um 70 prósent starfsmanna fréttastofanna lokið háskólaprófi. Niðurstaðan er því sú að blaða- og fréttamenn sem starfa á fréttastofum miðlanna eru vel menntuð stétt.
- * Samkvæmt rannsókninni telja tæplega 60 prósent að vandað sé til ráðninga á vinnustaðnum og fólk telur sig hafa fengið raunsanna mynd af starfinu áður en gengið var frá ráðningu. Þá kemur fram að nokkuð mikið vantar upp á þjálfun áður en hafin eru störf.
- * Það vantar mikið upp á að fólk þekki starfsmannastefnu fyrirtækisins. 34 prósent segjast ekki vera ánægð með starfsmannastefnuna og 40 prósent taka ekki afstöðu, þetta þýðir að 74 prósent eru ekki ánægð með stefnuna eða taka ekki afstöðu til hennar.
- * Bláða- og fréttamenn eru undir miklu álagi og undir mikilli tímapressu við

störf sín. Þau krefjast mikillar einbeitingar og nákvæmni. Þá kemur í ljós að fréttamenn á ljósvakamiðlum eru undir meira vinnuálagi en blaðamenn á prentmiðlum.

- * Í rannsókninni kemur í ljós að blaða- og fréttamenn vinna mjög sjálfstætt. 89 prósent segjast ráða því hvernig þeir vinna verkefni sín. Þá segjast þeir ekki þurfa að leysa verkefni sem stríði gegn gildismati þeirra. Samt ber að taka það fram að 15 prósent þeirra sem svöruðu sögðust hafa þurft að vinna verk sem stríddu gegn gildismati sínu. Fréttamenn á ljósvakamiðlum virðast vera sjálfstæðari í starfi en blaðamenn á prentmiðlum, en munur er ekki mikill.
- * Tæplega 60 prósent blaða- og fréttamanna telja sig hafa mikil völd. Þá segjast 85 prósent blaða- og fréttamanna hafa áhrif á skoðanir fólks með umfjöllun sinni. Þá segjast 63 prósent vera því sammála að réttnefni á fjölmiðlum sé FJÓRÐA VALDIÐ. Fréttamenn á ljósvakamiðlum telja sig hafa meiri völd en blaðamenn á prentmiðlum. Tæplega helmingur blaða- og fréttamanna telur að almenningur kunni að meta störf þeirra.
- * Svo virðist sem blaða- og fréttamenn séu nokkuð ánægðir á vinnustað. Þeir eru mjög óánægðir með laun sín og fá fremur hrós frá samstarfsmönnum en yfirmönnum sínum. Þá eru þeir einnig óánægðir með starfsaðstöðu sína.

- * Unnið er faglega á ritstjórnnum fjölmiðlanna ef marka má svör aðspurðra. Ákvarðanir eru teknar á fundum starfsmanna í flestum tilfellum, en yfirmenn á ritstjórnnum hafa úrslitavald um það hvað fjallað er um. 77,3 prósent segja að eigendur hafi ekki áhrif á efnisval miðlanna.
- * Helmingur blaða- og fréttamanna fá úthlutað verkefnum. Þeir sem eru eldri fá sjaldnar úthlutað verkefnum en þeir yngri.
- * Stjórnámamenn hafa samband við blaða- og fréttamenn og reyna að koma sér á framfæri. Þetta samband er nokkurt því 32 prósent segjast hafa fengið slíka beiðni frá stjórnámamanni. Stjórnámamenn hafa frekar samband við fréttamenn á ljósvakamiðlum en blaðamenn á prentmiðlum.
- * Um 60 prósent blaða- og fréttamanna eru stolt af starfi sínu. Mikill meirihluti þeirra hlakkar til að fara í vinnuna. Aðeins 22 prósent segjast hafa hugsað um það að hætta...

Vinnubrögð, ákvarðanir og samskipti

Hér á eftir verður fjallað um vinnubrögð á fréttastofum prent- og ljósvakamiðla. Í töflu 10 kemur fram að frétt- og blaðamenn segja að unnið sé faglega á miðlum þeirra. 84 prósent þeirra sem svara segja að ákvarðanir séu teknar út frá faglegum



forsendum og 88 prósent segja að virðing sé borin fyrir faglegum vinnubrögðum. Þá kemur einnig fram, í töflu 10 a, sjálfstæði blaða- og fréttamanna. 42 prósent þeirra segjast koma mjög oft með hugmyndir að því sem fjallað er um í miðlinum og 36 prósent segjast koma fremur oft með hugmyndir sem fjallað er um í miðlinum. Ljóst er samkvæmt könnuninni að ákvarðanir um hvað fjallað er um eru í flestum tilfellum teknar á fundum ritstjórnar. 34 prósent segjast mjög sammála því að ákvarðanir séu teknar á fundum starfsmanna ritstjórnar og 47 prósent eru fremur sammála. Samtals segist því 81 prósent vera mjög eða fremur sammála því að ákvarðanir séu teknar á ritstjórnarfundum um efnisval í fréttatíma eða á fréttasiður. Það kemur fram að yfirmenn hafa sín áhrif, þar sem 12 prósent segjast vera mjög sammála því að þeir ákveði um hvaða mál sé fjallað um í miðlinum og 47 prósent eru fremur sammála því að yfirmenn ákvarði hvað fjallað er um.

Tafla 10 sýnir afstöðu til vinnubrögða og áhrifa eigenda miðlanna á fréttastofur stærstu fjölmiðla á Íslandi.

Einnig kemur fram afstaða til gilda í blaða- og fréttamennsku.

Í töflu 10 kemur fram að stór hluti blaða- og fréttamanna hafnar því að eigendur fréttamiðlanna hafi áhrif á efnisval þeirra og hvað fjallað sé um. 48 prósent segjast mjög ósammála því að eigendur hafi áhrif á það sem fjallað sé um og 29 prósent segjast fremur ósammála að eigendur hafi þessi áhrif. Samtals segjast 77 prósent mjög eða fremur ósammála fullyrðingunni um að eigendur hafi áhrif á efnisval. Samtals segja 6 prósent vera mjög eða fremur sammála því að eigendur hafi áhrif á það sem fjallað sé um. 16 prósent taka ekki afstöðu og merkja við hvorki né. Samt sem áður verður ekki horft framhjá þeim sem telja að eigendur hafi áhrif á það hvað sé tekið upp í fréttatímum.

Þegar litið er til prentmiðla sérstaklega segjast 50 prósent blaðamanna vera því mjög ósammála að eigendur hafi áhrif á umfjöllun. 28 prósent eru fremur ósammála. Samtals eru því 78 prósent blaðamanna á prentmiðlum sem segjast vera mjög ósammála eða fremur ósammála því að eigendur hafi áhrif á umfjöllun.

Þegar litið er til ljósvakamiðla sést

að 45,5 prósent segjast vera mjög ósammála því að eigendur hafi áhrif á efnisval og 31,8 prósent segjast fremur ósammála því að eigendur hafi áhrif. Samtals 77,3 prósent segjast vera mjög ósammála eða fremur ósammála því að eigendur hafi áhrif á efnisval. Jafnmargir taka ekki afstöðu á miðlunum, 15,9 prósent.

Þegar litið er til áhrifa eigenda eftir aldri svarenda kemur fram dálítill munur. 6,1 prósent þeirra sem eru yngri en 40 ára segjast vera fremur sammála því að eigendur hafi áhrif á það um hvað sé fjallað í miðlinum, en aðeins 1,7 prósent þeirra sem eru 40 ára og eldri.

Þegar litið er á töflu 10 kemur í ljós að mikil samstaða blaða- og fréttamanna um að helstu gildi blaða- og fréttamennsku séu heiðarleiki, sanngirni, vandvirkni og óhlutdrægni. Samt sem áður er það eftirtektarvert að mun færri telja sanngirni vera eitt helsta gildi blaða- og fréttamennsku heldur en hin gildin þrjú, heiðarleika, vandvirkni og óhlutdrægni. 66 prósent eru mjög sammála því að sanngirni sé eitt helsta gildi blaða- og fréttamennsku en 80 prósent telja heiðarleika eitt helsta gildið.

Tafla 10. Vinnubrögð

	Fjöldi	Mjög ósammála	Fremur ósammála	Hvorki né	Fremur sammála	Mjög sammála
Min ritstjórn tekur ákvarðanir út frá faglegum forsendum.	129	1%	3%	12%	44%	40%
Virðing er borin fyrir faglegum vinnubrögðum á mínum vinnustað.	128	1%	3%	9%	44%	44%
Ákvarðanir um hvaða mál er fjallað í mínum miðli eru teknar á fundum starfsmanna ritstjórnar.	126	3%	7%	9%	47%	34%
Ákvarðanir um hvaða mál er fjallað í mínum miðli eru teknar af yfirmönnum á ritstjórninni.	127	7%	22%	12%	47%	12%
Eigendur míns miðils hafa áhrif á það um hvað er fjallað í miðlinum.	126	48%	29%	16%	4%	2%
Mér finnst eitt helsta gildi blaða- og fréttamennsku vera heiðarleiki.	128	1%	0%	2%	17%	80%
Mér finnst eitt helsta gildi blaða- og fréttamennsku vera sanngirni.	128	1%	2%	5%	26%	66%
Mér finnst eitt helsta gildi blaða- og fréttamennsku vera vandvirkni.	128	1%	1%	3%	19%	77%
Mér finnst eitt helsta gildi blaða- og fréttamennsku vera óhlutdrægni.	126	1%	1%	5%	23%	71%

Tafla 10 a. Vinnubrögð – framhald

	Fjöldi	Mjög oft	Fremur oft	Stundum	Fremur sjaldan	Mjög sjaldan
Ég fæ úthlutað verkefnum þegar ég mæti til vinnu á minni ritstjórn.	126	23%	22%	33%	11%	11%
Ég kem sjálf/ur með hugmyndir að því sem ég fjalla um í mínum miðli.	128	42%	36%	18%	3%	1%
Stjórnámamenn biðja mig að koma sér og sínum málum á framfæri.	126	4%	6%	22%	21%	47%
Upplýsingafulltrúar fyrirtækja hafa samband við mig til að koma málum á framfæri.	126	11%	21%	34%	13%	21%
Lesendur/hlustendur/áhorfendur hafa samband við mig og benda mér á efni til að fjalla um.	126	12%	22%	48%	10%	7%

Í töflu 10 a kemur fram hvernig vinnubrögðum er háttað á ritstjórnunum.

Í töflu 10 a má sjá hversu sjálfstætt blaða- og fréttamenn vinna. 22 prósent segjast fá mjög eða fremur sjaldan úthlutað verkefnum og 33 prósent stundum. Samtals segjast því 55 prósent sjaldan, fremur sjaldan eða mjög sjaldan fá úthlutað verkefnum. 23 prósent segjast oft fá úthlutað verkefnum og 22 prósent fremur oft, eða samtals 45 prósent.

Þegar litið er til ljósvakamiðla og prentmiðla kemur í ljós að 26,2 prósent á prentmiðlum segjast mjög oft fá úthlutað verkefnum og 23,8 prósent segjast fremur oft fá úthlutað verkefnum, samtals 50 prósent segjast mjög eða fremur oft fá úthlutað verkefnum. Á ljósvakamiðlunum segjast 15,6 prósent mjög oft fá úthlutað verkefnum og 17,8 prósent fremur oft, samtals 33,4 segjast oft eða fremur oft fá úthlutað verkefnum.

Það er greinilegur munur á vinnubrögðum blaða- og fréttamanna eftir miðlum.

Það er munur á sjálfstæði blaða- og fréttamanna eftir aldri. Þeir sem eru eldri en 40 ára fá sjaldnar úthlutað verkefnum en þeir sem eru yngri en fertugir. Yngri hópurinn segist í samtals 48,5 prósentum tilvika fá mjög oft eða fremur oft úthlutað verkefnum og til viðbótar segjast 29,4 prósent stundum fá úthlutað verkefnum. Í hópnum sem er eldri en 40 ára segjast 40 prósent fá mjög oft eða fremur

oft úthlutað verkefnum og 33,3 prósent stundum.

Þegar litið er á fullyrðinguna um samskipti við stjórnámamenn þá kemur í ljós að samtals 68 prósent segjast mjög eða fremur sjaldan hafa verið beðnir um að koma stjórnámamönnum og þeirra málum á framfæri. 10 prósent blaða- og fréttamanna segjast mjög oft eða fremur oft hafa fengið beiðni frá stjórnámamönnum um að koma þeim og málum þeirra á framfæri. 22 prósent segjast stundum hafa fengið beiðni frá stjórnámamönnum um að koma þeim og málum þeirra á framfæri. Af þessu má lesa að nokkur samskipti eru milli stjórnámamanna og blaða- og fréttamanna, þar sem samtals 32 prósent þeirra hafa fengið slíka beiðni, í þremur flokkum svara, mjög eða fremur oft og stundum.

Ljóst er að stjórnámamenn reyna frekar að koma sér á framfæri í ljósvakamiðlum ef marka má svörin frá starfsmönnum þegar búið er að skipta þeim eftir ljósvaka- og prentmiðlum. 6,7 prósent þeirra sem svörðu á ljósvakamiðlunum segja stjórnámamenn mjög oft hafa samband og sami fjöldi, 6,7 prósent, segja þá hafa samband fremur oft. 13,4 prósent segja að stjórnámamenn hafi samband mjög oft eða fremur oft.

Þá segir 31,1 prósent fréttamanna á ljósvakamiðlum að stjórnámamenn biðji sig stundum að koma sér og málum sínum á framfæri. 2,4 prósent á

prentmiðlum segja að stjórnámamenn hafi samband við þá mjög oft og 4,8 prósent að þeir hafi samband fremur oft, en 16,7 prósent segja þá stundum biðja um að koma sér og málum sínum á framfæri.

Þegar sambandið við stjórnámamennina er skoðað nánar er ljóst að þeir hafa frekar samband við eldri og reyndari fréttamenn en þá yngri. 26,7 prósent þeirra sem eru í hópnum 40 ára og eldri segja að stjórnámamenn biðji sig stundum að koma sér og sínum málum á framfæri í miðlinum. Sambærileg tala fyrir hópinn yngri en 40 ára er 17,6. Ljóst er einnig að stjórnámamenn hafa mjög oft samband við 5 prósent þeirra sem eru í eldri hópnum en sambærileg tala fyrir yngri hópinn er 2,9 prósent.

Í töflu 10 a kemur fram að blaða- og fréttamenn eru einnig í sambandi við upplýsingafulltrúa fyrirtækja sem vilja koma fyrirtækinu á framfæri. Samtals 32 prósent segjast mjög eða fremur oft vera í sambandi við upplýsingafulltrúa fyrirtækja sem vilja koma upplýsingum frá fyrirtækinu á framfæri og 34 prósent í viðbót segjast stundum vera í sambandi við upplýsingafulltrúana.

Það kemur einnig fram í töflu 10 a að hlustendur, áhorfendur og lesendur eru í góðu sambandi við blaða- og fréttamenn. Aðeins 17 prósent segjast vera mjög eða fremur sjaldan í sambandi við lesendur, hlustendur og áhorfendur.

Ný rannsóknarskýrsla IFJ um starfsumhverfi blaðamanna:

Breytt ráðningarmynstur hefur áhrif á gæðin

Komin er út á vegum Alþjóðasambands blaðamanna, (IFJ) ný rannsóknarskýrsla sem ber heitið: *Breytt eðli vinnunnar: Hnatræn könnun á óreglubundinni vinnu í fjölmiðlaheiminum*. Könnunin nær til 41 aðildarfélags Alþjóðasambandsins í 38 löndum og vekja niðurstöðurnar upp mikilvægar spurningar um gæði blaðamennsku í ljósi breytts eðlis vinnufyrirkomulags.

Framkvæmdastjóri IFJ, Aidan White, sagði þegar hann kynnti skýrsluna á Alþjóðlegu verkalyðsþingi í Genf á dögunum að „óreglulegir starfsmenn“ í fjölmiðlageiranum, þ.e.a.s. lausamenn, tilfallandi þennar, skammtíma verktakar á breytilegum samningskjörum og tímabundnir starfsmenn, væru nú orðnir um 30% af heildarfjölda meðlima blaðamannafélaga sem væru aðilar að Alþjóða blaðamannasambandinu. Hann bætti því við að þessi mikla aukning starfsmanna sem ekki eru fast-ráðnir beindi athyglinni að því hvort og hvernig unnt væri að halda uppi hágæða blaðamennsku.

„Tengslin milli blaðamannsins og vinnunnar hans eru sérstaklega mikilvæg í ljósi samspils fjölmiðlanna annars vegar og lýðræðisins hins vegar. Ef ráðningarkjör blaðamanna eru vafasöm og órugg þá eiga þeir jafnframt erfiðara með að standa á móti þrýstingi um að fréttir þeirra og frásagnir taki mið af sérhagsmunum stjórnvalda eða viðskiptaaðila, og það verður erfiðara fyrir þá að ástunda rannsóknarblaðamennsku erfiðara fyrir þá að bjóða ritstjórnarstefnu yfirmanna á fjölmiðlinum byrginn,“ segir Aidan White um þetta samhengi.

Rannsóknarskýrslan, sem er studd af Alþjóða vinnumálaskrifstofunni, dregur fram tvær almennar tilhneigingar. Annars vegar tilhneigingu til einkavæðingar ríkisrekkinna miðla og hins vegar er það tilhneigingin að skipta út eldri og reyndari blaðamönnum fyrir nýútskrifað yngra fólk sem er þá á talsvert lægri launum og ekki er fastráðið. Þá virðist þessi þróun með yngra fólk vera að breiðast út á fleiri og fleiri svið fjölmiðlunar, ekki síst á sviði hinnar nýju miðlunar og eins í löndum þar sem fjölmiðlar eru lítt þróaðir. Þetta þýðir að meðallaun blaðamanna hafa verið að lækka að raungildi á síðustu fimm árum eða svo. Launastaðall hjá starfsmönnum, sem ekki eru með fast-ráðningarsamning, er í öllum aðalatriðum ákveðinn einhliða af atvinnurekendum og í flestum tilfellum er borgað fyrir hverja grein fyrir sig.

Minna atvinnuöryggi og lægri laun virðast hafa neikvæð áhrif á gæði ritstjórnarefnis og svo gæti farið, að þetta stefndi hlutverki fjölmiðlanna sem varðhunds almannahagsmuna í hættu, segir meðal annars í skýrslunni.

Sérstaklega er bent á að minnkandi atvinnuöryggi geti leitt til hnignunar gagnrýnnar og rannsakandi blaðamennsku; breytingar á eignarhaldi og að ytri þrýstingur yrði miðlægur í undirlægjumeningu sem kenna má við sjálfs-ritskoðun; vaxandi kostnaðarvitund blaða- og fréttamanna og meðvitund þeirra um mikilvægi auglýsinga gæti farið að stýra ritstjórnarlegum ákvörðunum meira en góðu hófi gegnir; og í verstu tilfellum þá gætu léleg laun farið að hafa

áhrif á siðgæðisvitund blaðamanna og þannig aukið hættuna á beinni spillingu. Þessara áhrifa er þegar farið að gæta sums staðar segir í skýrslunni.

Helstu niðurstöður rannsóknarskýrslunnar eru:

- 56,1% af aðildarfélögum IFJ tilkynnti um breytingar á ráðningarfyrikomulagi í heimalöndum sínum á síðustu fimm árum. Megintilhneigingin var: a) ráðningarfyrikomulag réðst í minna mæli af kjarasamningum milli stéttarféлага og atvinnurekenda og meira af tilfallandi einstaklingsbundnum samningum; b) að ríkisreknir fjölmiðlar eru í einkavæðingarferli eða hafa verið einkavæddir; c) að meira er ráðið af ungum blaðamönnum með minni reynslu og hæfni en sem þiggja lægri laun.
- 53,6% aðildarfélaga sögðu að meðallaun hefðu annaðhvort „lækkað“ eða „lækkað verulega“ að raungildi á síðustu fimm árum. Aðeins 14,6% sögðu að laun hefðu hækkað að raungildi.
- 73,2% sögðu að launakjör starfsmanna sem ekki eru fastráðnir væru lakari en þeirra sem eru fastráðnir.
- Starfsmenn, sem ekki eru fastráðnir, njóta færri og takmarkaðri réttinda en þeir sem eru fastráðnir. Aðeins 12,2% lausamanna (freelance) áttu rétt á fæðingarorlofi og 9,8% höfðu áunnið sér veikindaleyfi eða sumarleyfisréttindi. Í samanburði eru tölurnar fyrir fastráðna starfsmenn yfir 85% í öllum þessum þremur flokkum.
- Einstaklingsbundnir samningar eða

skammtímasamningar á breytilegum kjörum eru nú taldir vera áhyggjuefni hjá blaðamönnum í Ástralíu, Argentínu, Pakistan, Perú, Nicaragua og Grikklandi. Óljósir og óruggir ráðningarsamningar og geðþóttauppsagnir eru vandamál í Mexíkó og Brasilíu.

- Belgía, Indland og Hong Kong eiga það sammerkt að ungt fólk er þar miklu líklegra til að fá verkefni sem lausamenn en eldra og reyndara fólk.
- 75,6% aðildarfélaganna IFJ hafa áhyggjur af því að ritstjórnarlegt innihald verði fyrir áhrifum af breyttum ráðningarmáta í fjölmiðlum – sérstaklega hvað varðar það þegar verið er að vinna efni á tímum lítillar vinnu og erfiðs atvinnuástands. Þetta lýsir sér líka í minni rannsóknarblaðamennsku; vafasömum efnistöfum sem rekja má til samþjöppunar eignarhalds og þrýstings

frá yfirvöldum; og spillingu og lægri siðferðisviðmiðum sem rekja má til of lágra launa.

- Nicaragua, Perú, Ástralía, Taiwan, Pakistan og Serbía eiga við þann vanda að etja að þar er tilhneiging til að draga úr og hemja fréttir um umdeild atriði til þess að greiða fyrir auglýsingasölu.

Í rannsóknarskýrslunni er lögð áhersla á að frelsi fjölmiðla sé mikilvægt fyrir framgang lýðræðis og að fjölmiðlar veiti stjórnvöldum aðhald. Í henni er líka að finna nokkur ákveðin dæmi um það hvernig breytingar á ráðningarformi og ráðningartengslum eru að hafa áhrif á það sem blaðamenn eru að skrifa eða framleiða.

Í Hong Kong, til dæmis, eiga mjög margir blaðamenn erfitt með að greina hlutlægt frá stjórnámum á meginlandi Kína vegna þess að eigendur og hluthafar í fjölmiðlunum eiga

mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í Kína. Í Hong Kong og Indlandi eru ungir blaðamenn og óreyndir undir þeim þrýstingi þegar þeir eru að endurnýja verktakasamninga sína að þeir beri fram stefnu eigenda og stjórnenda fyrirtækisins í ritstjórnarskrifum sínum.

Í skýrslunni er einnig að finna ítarlega umfjöllun um Ástralíu og stöðu mála þar og byggir sú umfjöllun á tveimur könnunum frá 2003 og frá 2005. Þar hefur hagræðing og rekstrar- aðgerðir stjórnenda á helstu miðlum leitt til niðurskurðar í mannahaldi og stóraukinnar notkunar á lausamönnum og fólki með tilfallandi skammtímaráðningu. Ástralska úttektin sýnir að samhlíða þessari þróun hafa komið fram ný og aukin heilsuvandamál, ónóg umbun fyrir aukið álag og verri starfsandi.



MÁLFA RSHORN

Tengingar

- „Þrátt fyrir að“ er ofnotuð samtenging
Nota ber „þrátt fyrir“ sem forsetningu:

Samkomulag náðist þrátt fyrir ágreining

*Samkomulag náðist þrátt fyrir að ágreiningur hefði ríkt

(Munið forsetningar stýra falli, beygið orðið sem á eftir kemur á réttan hátt. Þrátt fyrir stýrir þolfalli).

(Ath. stjórnumerktá setningin er ótæk)

- Ekki segja „þegar að“ eitthvað gerist. Orðinu „að“ er hér ofaukið

*Ráðherrann svaraði fyrirspurnum þegar að fundinum var lokið

Ráðherrann svaraði fyrirspurnum þegar fundinum var lokið

(Ath. stjórnumerktá setningin er ótæk)

Fornöfn

- Fornafnið hvor er notað þegar tveir eiga í hlut.

- Fornafnið hver er notað um fleiri.
Hvor mannanna tveggja kom inn?
Hver mannanna þriggja kom inn?
Hvor Húnavatnssýslunnanna er stærri?
Hvert Norðurlandanna er stærst?

Fornöfn

- Hvor / hver stendur í sama kyni, tölu og falli og no. eða fn. sem það vísar til:
Þeir spurðu hvor annan spurninga
Þær systur sóknuðu hver annarrar
Við heyrðum þær tala hvora við aðra.
Við heyrðum þá tala hvorn við annan

Fornöfn

- Fornafnið „sinn“ veldur stundum vanda:
Bræðurnir börðust sinn í hvorum her
Bræðurnir börðust hvor í sínum her
*Bræðurnir börðust í sitthvorum hernum
Þær stóðu sin hvorum megin götunnar
Þær stóðu hvor sínum megin götunnar

*Þær stóðu sitthvorum megin götunnar

(Ath. stjórnumerktu setningarnar er ótækar)

Fornöfn

- Persónufornöfn geta vísað til frumlags í undanfarandi setningu en aftb.fn. geta það aðeins undir vissum kringumstæðum:
Jón vill að Gunna raki hann (hann er skeggjaður)
Jón vill að Gunna raki sig (hún er skeggjuð)

Beygingar

- Ruglið ekki saman beygingum líkra orða
Hlátur – hlátur – hlátri – hláturs
Grátur – grát – gráti – gráts
Haraldur – Harald – Haraldi – Haraldar (Haralds)
Faraldur – faraldur – faraldri – faraldurs
Gróftur – gröft – grefti – graftar
Fjötur — fjötur — fjötri — fjöturs

Taxtar hækka um 15 þúsund að lágmarki

Blaðamannafélag Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa gert samning um fimmtán þúsund króna taxtaviðauka, sem gildir frá 1. júlí sl. Það þýðir að allir grunntaxtar félagsins frá 1. júlí eru 15 þúsund krónum hærri en þeir voru í júní. Vaktavinnutaxtar félagsins með 15% og 21% álagi hækka því meira en það eða um allt að 18.150 kr., þar sem þeir taka mið af grunntöxtunum. Heimilt er samkvæmt samningnum að hækka ekki þá sem eru með ráðningarsamningsbundin laun sem eru hærri en taxtarnir að viðbættum taxtaviðaukanum. Að auki hefur forsendunefnd ASÍ og SA komist að niðurstöðu um að öll laun og kjaratengdir liðir skuli að lágmarki vera 5,5% hærri 1. júlí í ár en þau voru í júní fyrra. Jafnframt er tekið fram að launafólk fái ekki bæði taxtaviðaukann og prósentuhækkunina. Launahækkun samkvæmt kjarasamningum blaðamanna var 4% 1. desember sl. Sjá meðfylgjandi samning, nýja launatöflu og yfirvinnutaxta.

SAMNINGUR UM TAXTAVIÐAUKA milli Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Grundvöllur samningsins

Samningur þessi á rætur sínar að rekja til kjarapróunar hjá opinberum aðilum og stofnunum sem reknar eru fyrir almannafé á undanförunum mánuðum og misserum. Sú þróun hefur valdið því að umtalsvert misvægi hefur skapast á milli samningsbundinna launataxta á samningsviði Sam-

taka atvinnulífsins og verkalyðsféлага annars vegar og þeirra sem gilda hjá hinu opinbera hins vegar.

Sérstökum taxtaviðauka, skv. 2. gr., er ætlað að draga úr því misvægi sem orðið hefur á launatöxtum í kjarasamningum aðila og hliðstæðum samningum opinberra aðila. Honum er sérstaklega ætlað að bæta stöðu þeirra sem fá greidd laun skv. töxtum kjarasamninga en hefur ekki áhrif til hækkunar launa þeirra sem hafa hærri laun en sem nemur launatöxtum kjarasamninga að viðbættum taxtaviðaukanum.

2. gr.

Sérstök hækkun kauptaxta kjarasamninga – taxtaviðauki

Frá 1. júlí 2006 bætist sérstakur taxtaviðauki, kr. 15.000, við alla mánaðarlaunataxta í gildandi kjarasamningum aðila. Taxtaviðaukinn er sá sami í öllum launaflokkum og aldursþrepum og myndar því ekki grunn fyrir starfsaldurshækkunir. Taxtaviðaukinn myndar hins vegar grunn fyrir yfirvinnu- og vaktaálag, en ekki aðrar greiðslur sem reiknast af mánaðarlaunatöxtum kjarasamninga. Í þeim tilvikum þar sem laun einstaklinga eru samsett af launataxta kjarasamnings og ráðningarsamningsbundnum viðbótargreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast, skulu viðbótargreiðslurnar lækka um allt að því jafn háa fjárhæð og taxtaviðaukanum nemur. Taxtaviðaukinn bætist ekki við ráðningarsamningsbundin laun sem eru hærri en sem nemur umsömdum launatöxtum að viðbættum taxtaviðaukanum.

3. gr.

Frávik frá launaflokkakerfi

Starfsmaður með laun sem samsett eru af launataxta skv. kjarasamningi og ráðningarsamningsbundnum viðbótargreiðslum, sem kys að halda þeim óskertum þrátt fyrir samkomulag þetta, skal tilkynna vinnuveitanda sínum það skriflega innan 15 daga frá gildistöku samkomulagsins. Hækkun af völdum taxtaviðaukans skv. 2. gr. samkomulags þessa breytir þá ekki launum hans.

4. gr.

Launapróun

Einstaklingar sem fá hækkun á launum sínum vegna taxtaviðauka, sbr. 2. gr, eiga ekki rétt á hækkun skv. samkomulagi forsendunefndar ASÍ og SA um launapróunartryggingu, dags. 22. júní 2006, nema í því tilviki að samtala launaliða, að taxtaviðaukanum meðtöldum, nái ekki 5,5% hækkun á viðmiðunartímabilinu.

5. gr.

Fylgiskjöl

Eftirfarandi fylgiskjöl eru hluti samnings þessa:

- Bókun um framkvæmd breytinga á launatöxtum
- Launatöflur í kjarasamningum Blaðamannafélags Íslands

Reykjavík, 11. júlí 2006

F.h. Blaðamannafélags Íslands
F.h. Samtaka atvinnulífsins

Launatafla SA og BÍ 1. júlí 2006

Grunnlaun 15.000

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur Alm. blaðam. og lausr.	166.187	182.986	193.065	203.749	215.074				
2. flokkur BA - BS próf	195.000	215.000	222.500	230.282	238.355	246.730	255.420	264.436	273.790
3. flokkur Masterspróf	201.750	222.500	230.282	238.355	246.730	255.420	264.436	273.790	

Grunnlaun með 15% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	191.115	210.434	222.025	234.311	247.335				
2. flokkur	224.250	247.250	255.875	264.824	274.108	283.740	293.733	304.102	314.858
3. flokkur	232.013	255.875	264.824	274.108	283.740	293.733	304.102	314.858	

Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	201.086	221.413	233.609	246.536	260.240				
2. flokkur	235.950	260.150	269.225	278.641	288.409	298.544	309.059	319.968	331.286
3. flokkur	244.118	269.225	278.641	288.409	298.544	309.059	319.968	331.286	

Yfirvinnutaxtar SA og BÍ 1. júlí 2006

Grunnlaun 15.000

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	1.726	1.900	2.005	2.116					
2. flokkur	2.025	2.233	2.311	2.391	2.475	2.562	2.653	2.746	2.843
3. flokkur	2.095	2.311	2.391	2.475	2.562	2.653	2.746	2.843	

Grunnlaun með 15% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	1.985	2.185	2.306	2.433	2.569				
2. flokkur	2.329	2.568	2.657	2.750	2.847	2.947	3.050	3.158	3.270
3. flokkur	2.409	2.657	2.750	2.847	2.947	3.050	3.158	3.270	

Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	2.088	2.299	2.426	2.560	2.703				
2. flokkur	2.450	2.702	2.796	2.894	2.995	3.100	3.210	3.323	3.440
3. flokkur	2.535	2.796	2.894	2.995	3.100	3.210	3.323	3.440	

Aðalfundur Blaðamannafélagsins 2006:

Konur meirihluti stjórnar

Á aðalfundi BÍ síðastliðið vor urðu ákveðin tímamót varðandi forustu félagsins og voru það helstu tíðindin af þeim fundi. Þá varð Arna Schram fyrst kvenna til að vera kosin formaður félagsins, en áður hafði Arna tekið við formennskunni af Róberti Marshall, sem sagði af sér formennsku er hann tók við stjórnendastöðu á NFS. Arna var þá varaformaður sem tók við formennskunni, en formennska hennar var síðan staðfest með kosningu á aðalfundinum.

Við stjórnarkjör á aðalfundinum gerðist það jafnframt að konur mynda nú meirihluta stjórnar. Í aðalstjórn sitja sjö manns og af þeim eru fjórar konur (þar af bæði formaður og



Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands.

varaformaður) en þrír karlar. Þrír varamenn eru í stjórn og eru það tveir karlar og ein kona. Þetta eru: Arna Schram, blaðamaður Mbl. formaður; Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fréttamaður NFS, varaformaður; Arndís Þorgeirsdóttir, fréttastjóri FB, gjaldkeri; Sigurður Már Jónsson, Viðskiptablaðinu, ritari; Hilmar Þór Guðmundsson, lausamaður/ljósmyndari; Elva Björk Sverrisdóttir, blaðam. Morgunblaðinu; Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður Fréttablaðinu. Varamenn: Ingibjörg Bára Sveinsdóttir, blaðamaður Fróða; Jóhannes Kr. Kristjánsson, fréttamaður NFS; Þorvaldur Örn Kristmundsson, ljósmyndari Morgunblaðinu.



MÁLFA RSHORN

Röng notkun miðmyndar (dönsk áhrif)

*Þátttaka verður að tilkynnst sem fyrst

Tilkynna verður þátttöku sem fyrst

*Umsóknir sendist fyrir mánaðamót
Umsóknir skal senda fyrir mánaðamót

*Vextir reiknast frá útgáfudegi

Vextir verða reiknaðir frá útgáfudegi

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Ofnotuð orð eða orðasambönd

Aðili

Varðandi (þetta eru málalengingar)

Og (þar sem gæti verið en)

Milli (samningar milli deiluaðila, átök

milli manna, fundir milli nefndanna o.s.frv. Þessu er ofaukið)

Viðsnúningur (notið t.d. gjörbreyting)

Á bilinu (ekki segja *hækkunin verður á bilinu 10-20%,

Alfarið (*maðurinn neitar alfarið sakargiftum. Væri hægt að játa alfarið? Nóg að segja neitar)

Síðan (ekki segja *fyrir fjórum árum síðan. „Fyrir fjórum árum“ er nóg).

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Orðaleppar

• Algengt er að heyra talað um „mikið af fólki“

Rétt er að segja margt fólk

Margt fólk var í bænum á 17. júní

*Mikið af fólki var í bænum á 17. júní

• Á sama hátt á að segja margir menn/margt fólk en ekki mikill fjöldi manna
Margt fólk var þar samankomið...

*Mikill fjöldi manna var þar samankomin...

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Orðaleppar

Menn fara til útlanda eða fara utan
Að ferðast erlendis merkir að ferðast um útlönd (viðkomandi er kominn til útlanda). Skoðið þetta í samhengi við orðasambandið „að ferðast innanlands“.

Menn geta líka dvalið erlendis

Rangt er að segja *að fara erlendis

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

IFJ vill bæta umfjöllun um HIV/AIDS

Alþjóðasamband blaðamanna, IFJ, skorar á blaðamannafélög og fjölmiðlafyrirtæki (einkum í Afríku og Asíu) að efna til viðtækra þjálfunarverkefna fyrir blaðamenn og ritstjóra sem eru að skrifa um AIDS eða HIV smitað fólk.

Í áskoruninni kemur fram sú ósk að til hliðsjónar verði höfð ný rannsóknarskýrsla sem unnin hefur verið hjá IFJ um það hvernig fjölmiðla-umfjöllun hefur verið um AIDS í Asíu og í Afríku.

Í skýrslunni, þar sem kastljósinu er beint að sex ríkjum í Afríku og í Asíu, kemur fram að umfjöllun um HIV/AIDS í ríkjum sem verst hafa orðið úti er heldur að aukast, en að enn á umfjöllunin þó langt í land að teljast viðunandi.

„Þessi rannsókn sýnir að blaðamenn vita að HIV/AIDS er einhver mesta frétt á okkar tímum. Hins vegar er þessi frétt ekki að fá þá umfjöllun sem hún verðskuldar,“ segir forseti IFJ, Christopher Warren. Hann bætir því við að með því að auka umfjöllun um þennan vággest – ekki sist í ljósvakamiðlum – þá væri hægt að hægja verulega á útbreiðslu sjúkdómsins. „Ef við einföldum þetta orlitið, þá er hægt að fullyrða að með yfirvegaðri og markvissari fréttáflutningi um fyrir-



byggjandi aðgerðir og um smitleiðir sjúkdómsins væri hægt að bjarga mörgum mannlífum,“ segir Warren ennfremur.

Skýrslan var birt á svæðisráðstefnu IFJ fyrir Afríku og Asíu sem haldin var í Kambódíu í síðustu viku. Þar kom fram að fréttáfrásagnir af sjúkdómum í heiminum í dag væru venjulega sagðar á hlutlausan, yfirvegaðan og sanngjarnan hátt, þó enn mætti vissulega finna ákveðin dæmi um fordóma í orðalagi og framsetningu, s.s. að talað væri um „fórnarlamb“ eða „sýktur sjúklingur“ í stað þess að vísa einfaldlega til smitaðra sem fólks sem HIV jákvæðs. Aftur á móti var áberandi tilhneiging til þess í Afríku og Asíu,

en rannsóknin náði einmitt meðal annars til á fjórða hundrað fréttu á hálfmánaðar tímabili í þessum álfum, til að hafa drama og leikrænu í lýsingum sem tengdust sjúkdómnum. Orðalag eins og „Dauðasótt“, „HIV-helförin“, eða „svöðusár á samfélaginu“ voru notuð yfir HIV smitið og iðulega voru myndirnar sem fylgdu með til þess fallnar að auka á tilfinningahlaðna frásögn. Þá kom fram í viðtalahluta rannsóknarinnar að fréttáfrásagnir af fólki með HIV smit gátu verið erfiðar vegna réttar fólks til einkalífs og ýmissa persónuverndarsjónarmiða.

Það kom meðal annars fram á þessari ráðstefnu að mjög fáir blaðamenn hafa fengið nokkra þjálfun í því að fjalla á nærgætinn hátt um HIV/AIDS vandamálið og gildir það líka um þá blaðamenn sem annars eru að fjalla um sjúkdóminn á mjög háu tæknilegu þekkingarstigi.

Á grundvelli þessarar skýrslu hefur IFJ nú hvatt fjölmiðlafyrirtæki og blaðamannafélög, ekki bara í Afríku og Asíu, heldur líka um allan heim, til að huga að þessum málum og stefna að því að auka fjölbreytni, gæði og magn fréttáfrásagna um HIV/AIDS málefni.



Ámælisvert brot hjá DV

Mál nr. 6. 2005/2006

Kærandi:

Ólafur Einarsson

Kærðu:

Eiríkur Jónsson, blaðamaður DV, og Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, ritstjórar DV

Kæruefni:

Kærðar eru fyrirsgnir á forsiðu og bls. 8 í DV þriðjudaginn 15. nóvember 2005. Sú fyrri, þ.e. forsiðufyrirsögnin er eftirfarandi: „Hafnfirskur gleraugnasali selur tæki sem á að lækna fuglaflensu.“ Fyrirsögnin á bls. 8 í DV er þessi: „Lækning við fuglaflensu í Hafnarfirði.“


Málsmeðferð:

Málið er kært með bréfi til siðanefndar, dagsettu 28. nóvember 2005. Kærinni fylgir ljósrít af forsiðu DV 15. nóvember 2005 og bls. 8 í sama blaði, en að auki útprentun af heimasíðunni www.sjonarholl.is/heilsa auk afrits rafpósts kæranda til Jónasar Kristjánssonar dags. 17. nóvember 2005 þar sem krafist er leiðréttingar og afsökunar af hálfu DV. Sjonarmið kærðu koma fram í bréfi lögmanns DV, Einars Þórs Sværisonar hdl., dags. 19. desember 2005. Siðanefnd BÍ fjallaði um málið á fundum þann 12. des., 9. jan. og 20. feb.

Málavextir:

Kærandi segir í kærðu sinni að hann hafi aldrei, „hvorki í orði né riti, haldið því fram að það tæki sem ég hef undir

höndum lækni fuglaflensuna. Þetta veit Eiríkur vegna þess að ég sagði honum það. Ég get trúað því að tækið hafi áhrif, en hvorki mín orð né skrif á heimasíðu Sjonarhóls lofa neinu slíku sem fyrirsgnir DV staðhæfa.“ Í skýringu með kærinni segir kærandi að hann hafi undir höndum hljóðbylgjutæki sem byggja á aldargamalli tækni, „þar sem grunnhugsunin er þessi, að eyða veirum, bakteríum, sveppum og snikjudýrum í líkamanum með eigin-tíðni þeirra (resonance). Þetta tæki hafa ég og aðrir prófað á ýmsa kvilla, þar með talið flensu, með góðum árangri. Því varpa ég fram þeirri spurningu á heimasíðu Sjonarhóls, hvort tækið



gæti haft áhrif á fuglaflensuna? Ekki er um fullyrðingu né loforð að ræða, heldur vangaveltur. Einnig tek ég þar fram að hvorki ég né nokkur annar viti hvernig veiran muni líta út og því ógerningur að svara spurningunni.“

Í andmælum lögmanns hinna kærðu er kröfu kæranda mótmælt m.a. á þeim grundvelli að ekkert teljandi misræmi sé á milli efnisatriða fréttar í umrætt sinn og fyrirsgnanna,

en efnisinnihald fréttarinnar sé ekki kært. Með „réttum málskilningi“ fari ekki á milli mála að fyrirvarar og spurningar komi fram í fyrirsgnunum, og þegar þær séu skoðaðar í heild sinni, fari ekki á milli mála að ekki sé meira fullyrft í fyrirsgnum en fram komi í sjálfri fréttinni sem þær vísa til. Sérstaklega er mótmælt að blaðamaður DV hafi haft í hótunum við kæranda.

Umfjöllun:

Kæran tekur einvörðungu til framangreindra fyrirsgna en ekki til efnisatriða í meðfylgjandi frétt. Siðanefnd tekur undir með kæranda að framangreindar fyrirsgnir fullyrði meira en lesa má í sjálfri fréttinni sem þeim fylgja. Í fyrirsgninni á bls. 8 í DV þriðjudaginn 15. nóvember 2005 er beinlínis staðhæft að lækning við fuglaflensu finnist í Hafnarfirði hjá kæranda. Þótt yfirfyrirsögn dragi úr rangri fullyrðingu aðalfyrirsagnarinnar verður að gera þá kröfu til fjölmiðla að rétt sé farið með, en það er ekki gert í þetta sinn. Fyrirsögnin á forsiðu tekur ekki eins djúpt í árinna. Engu að síður er þar meira fullyrft en ummæli kæranda gáfu tilefni til. Það er því skoðun nefndarinnar að fyrirsgnirnar feli í sér brot á 3. gr. siðareglna BÍ.

Úrskurður:

DV telst hafa brotið gegn 3. gr. siðareglna BÍ. Brotið er ámælisvert.

*Kristinn Hallgrímsson;
 Hjörtur Gíslason;
 Sigurveig Jónsdóttir;
 Brynhildur Ólafsdóttir;
 Salvör Nordal*

Ekki brot hjá visi.is og Þresti Emilssyni

Mál nr. 7. 2005/2006

Kærandi:

Ólöf Yrr Atladóttir

Kærðu:

Vefritið visir.is og Þrestur Emilsson, efnisstjóri þess

Kæruefni:

Kærð er myndbirting af dóttur og eiginmanni kæranda með frétt sem birtist 30. janúar 2006 á visir.is, þar sem höfð eru ummæli eftir kæranda sem ekkert tengjast fjölskyldu hennar

Málsmeðferð:

Málið er kært með bréfi til siðanefndar dagsettu 7. febrúar 2006. Kærinni fylgir ljósrit af frétt á vefritinu visir.is frá 30. janúar 2006, kl. 06.00. Sjónarmið kærðra koma fram í bréfi Þrastar Emilssonar, efnisstjóra Visis, dags. 22. febrúar 2006. Siðanefnd Blaðamannafélagsins fjallaði um málið á fundum 20. febrúar, 12. og 26. apríl.

Málavextir:

Kærandi segist í kæru sinni óska eftir að siðanefnd Blaðamannafélagsins „taki til umfjöllunar og úrskurðar“ ... „frétt sem birtist á vefsíðu visir.is þann 30.01.2006 og bar yfirskriftina „Eru að afla frekari gagna.“ „Fréttin byggir á frétt í Fréttablaðinu sama efnis, en efnið var umfjöllun Visindasiðanefndar um rannsóknir á vegum ákveðins lyfjafyrirtækis hér á landi. Í fréttinni var vitnað í mig, reyndar ranglega, og fólst tilvitnunin í meginatriðum í því að ég hafði sagt að ekkert væri að fréttu, þar sem enn væri verið að biðja gagna.

Með fréttinni á vefritinu visir.is birtist mynd af mér, dóttur minni og manningum mínum, en þessi mynd var að líkindum til í gagnasafni miðilsins frá því að viðtal birtist við okkur um allt annað málefni, að mig minnir fyrir rúmu ári eða svo.



Ég gaf ekki leyfi til þessarar myndbirtingar, auk þess sem þriggja ára dóttir mín og maðurinn minn eru málinu allsendis óviðkomandi.“ „... mér bárust fregnir af því að mynd af okkur væri á sveimi í tengslum við þessa umfjöllun fyrst þann 7. febrúar og þá var hana enn að finna á netinu. Ég hafði umsvifalaust samband við ritstjóra Fréttablaðsins og kvartaði. Klukkustund síðar var myndin enn að finna á sama stað, en hún var svo farin af netinu einhverjum klukkustundum eftir það.“ Segir kærandi að hún telji „óforsvaranlegt að blanda fjölskyldu minni inn í málefni vinnunnar minnar með þessum hætti.“

Í svari Þrastar Emilssonar við kæru kemur fram, að tilgreind frétt hafi verið samhljóða frétt sem birtist sama dag í Fréttablaðinu, „en fréttir blaðsins eru sendar milli ritstjórnarkerfa miðlanna (Fbl. og Visis) og er um samhljóða birtingu að ræða.“ Athugasemd um myndbirtinguna hafi borist 7. febrúar 2006, með þeirri beiðni að hún yrði fjarlægð. Við því hafi verið orðið strax og beiðnin barst, eða kl. 17.45. Þá segir ennfremur að ekki liggi „fyrir hvenær upphafleg kvörtun og ósk um að myndin yrði fjar-

lægð barst frá kæranda en ævinlega er brugðist við slíkum erindum um leið og þau berast mér. Sjálfsagt og eðlilegt var að verða við beiðninni, enda má taka undir það með kæranda að þeir sem á myndinni voru með kæranda komu umfjöllun þessari ekki við. Ekkert tilefni var til myndbirtingar af þessu tagi. Því fer hins vegar fjarri að þarna væri að yfirlögðu ráði verið að reyna að blanda fjölskyldu kæranda inn í téða umfjöllun. Undirritaður litur svo á að um mistök hafi verið að ræða. Þau ber að harma. Jafnframt ber að biðja hlutaðeigandi velvirðingar á þessum mistökum.“

Umfjöllun:

Kæran tekur einvörðungu til framangreindrar myndbirtingar en ekki til efnisatriða í tilgreindri frétt þótt kærandi telji rangt eftir sér haft. Siðanefnd tekur undir með kæranda og hinum kærðu, um að ekkert tilefni hafi verið til myndbirtingarinnar. Siðanefnd telur líklegt að um mistök hafi verið að ræða, enda var strax brugðist við athugasemd kæranda og myndin fjarlægð. Jafnframt harma kærðu mistök in og biðjast afsökunar á þeim í svarbréfi við kærinni. Siðanefnd telur að kærðu hafi brugðist eðlilega við athugasemdum kæranda og því sé ekki tilefni til frekari afskipta af málinu.

Niðurstaða:

Kærðu teljast ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélagsins.

Reykjavík 26. apríl 2006

*Kristinn Hallgrímsson,
Brynhildur Ólafsdóttir,
Hjörtur Gíslason,
Salvör Nordal,
Sigurveig Jónsdóttir*

Ámælisvert brot hjá DV

Mál nr. 8/2005-2006

Kærandi:

Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja

Kærðu:

Bergljót Davíðsdóttir, blaðamaður á DV og ritstjórn DV

Kæruefni:

Fréttir og fyrirsagnir í DV 20. og 23. janúar 2006

Málsmeðferð

Kæran barst síðanefnd í bréfi frá lögmanni kæranda, Hlyni Halldórssyni, dags. 14. febrúar. Kærinni fylgdu ljósmyndir af forsiðu og umfjöllun DV um málið dagana 20. og 23. janúar. Þá fylgdi tölvupóstur til stöðvarstjóra Íslandspósts í Keflavík dags. 5. janúar; samþykkt um hundahald; tölvupóstur til blaðmanns DV dags. 20. janúar og svar blaðmanns sama dag.

Sjónarmið kærðu komu fram í bréfi Einars Þórs Sværissónar lögmanns dags. 19. apríl. Með bréfinu fylgdi ónafngreindur tölvupóstur heimildarmanns DV fyrir umræddri frétt og ljósrit úr Orðabók Menningarsjóðs með skýringu á orðinu „njósnir“.

Málið var tekið fyrir á fundum síðanefndar 20. febrúar, 12. og 26. apríl, og 8., 15. og 22. maí. Kærandi kom á fund síðanefndar 8. maí að beiðni nefndarinnar.

Málavextir

Þann 20. janúar 2006 birtist frétt á forsiðu DV undir fyrirsögninni: „Magnús Guðjónsson, forstöðumaður HES. Það bréfbera í Keflavík að njósna um íbúa.

Ólöglegt segir forstjóri Persónuverndar.“ Mynd af Magnúsi fylgdi fyrirsögninni og frekari umfjöllun var um málið á bls. 10 í blaðinu.

Sama dag og umrædd frétt birtist sendi kærandi blaðamanni DV tölvupóst og kvartaði undan umræddri frétt sem hann sagði ranga og óskaði leiðréttinga. Þann 23. janúar birtist síðan á forsiðu DV fyrirsögnin „Magnús H. Guðjónsson. Segir Póstinn bera ábyrgð á njósnum“ og nánari frétt var um málið á bls. 8.

Í kærinni segir að umfjöllun DV báða dagana sé í veigamiklum atriðum röng og kæranda séu „lögð orð í munn sem hann sagði aldrei og hann sagður hafa gert tiltekna hluti sem hann aldrei gerði.“

Að sögn kæranda voru málavextir þeir að hann skrifaði Önnu Maríu Guðmundsdóttur, stöðvarstjóra Íslandspósts í Keflavík tölvupóst þann 5. janúar 2006. Tilefni tölvupóstsins hafi verið fréttaskrif vegna vandræða sem bréfberar lentu í vegna hunda og misbrests á skráningu þeirra. Í tölvupóstinum velti kærandi því upp hvort bréfberar „væru til í að punkta niður hjá sér hvar hunda væri að finna í þeirra hverfum.“ Lýkur kærandi tölvupóstinum á því að spyrja „hvernig list þér á svona samvinnuverkefni?“

Kærandi segist ekki hafa fengið svar við þessari hugmynd og því hafi hann látið málið niður falla – eða eins og hann segir í tölvupósti til blaðmanns DV 20. janúar og birt var í fréttinni 23. janúar: „Það [málið] komst aldrei á það stig að fá álit Persónuverndar eða annarra aðila, auk þess sem ég hafði ekki borið málið undir mína yfirmenn.“

Í kærinni segir að í tölvubréfinu hafi kærandi einungis sett fram hugmynd en ekki formlega beiðni. Þá hafi tölvubréfið verið sent á yfirmann Íslandspósts í Keflavík en ekki almenna

póstbera. Umfjöllun DV um málið sé því „röng og villandi í öllum meginatriðum“.

Í kærinni er einnig kvartað yfir því að DV virðist hafa komist yfir einkasamskipti milli fyrrgreindra aðila á ólöglegan hátt; að umfjöllunin sé persónugerð á ósmekkleган hátt með mynd af kæranda; og að tilvitnun í Persónuvernd sé „ósanngjörn og ómál-efnaleg“, þar sem ætla megi að „Persónuvernd hafi kveðið upp úrskurð eða látið álit sitt í ljós á málinu sem stjórnvald eftir formlega umfjöllun.“ Þá hafi DV ekki sinnt þeirri skyldu að leiðrétta rangfærslur 20. janúar heldur þvert á móti hafi rangfærslur haldið áfram í fréttinni 23. janúar.

Í andmælum DV er gerð krafa um að málinu sé vísað frá og til vara að komist verði að þeirri niðurstöðu að skrif og framsetning DV hafi ekki brotið siðareglur B.Í.

Í svarinu er því haldið fram að efnisatriði í fyrirsögn DV þann 20. janúar séu „einfaldlega rétt“ þar sem í tölvupósti kæranda til Önnu Maríu Guðmundsdóttur, stöðvarstjóra Íslandspósts, sé ekki „verið að lýsa neinu öðru en að ósk hafi verið sett fram um að ákveðinni vitneskju yrði aflað með leynd.“ Þá segir að tölvupóstur frá heimildarmanni DV „sé einnig í samræmi við þann tölvupóst sem kærandi sendi til yfirmanns Íslandspósts í Keflavík.“

Með svari kærðu fylgir umræddur tölvupóstur heimildarmanns. Í tölvupóstinum segir að bréf hafi borist pósthúsfólki í Keflavík frá kæranda, sem hafi verið lesið upp fyrir alla starfsmenn, þar sem „við pósthúsfólk erum beðnar um að skrifa nafnlaust niður öll þau hús í hverfunum okkar sem eru hundar í.“

Í svari DV segir að forsiðufyrirsögnina verði „að skiljast í tengslum við þær heimildir sem DV hafði undir

höndum þess efnis að þessi skráning hefði átt sér stað, hver svo sem þar upphaflega og endanlega ábyrgð á henni."

Um önnur umkvörtunarefni segir í andmælum DV að fullyrðing um að DV hafi komist yfir einkasamskipti aðila á ólögmetan hátt sé órökstudd. Kærðu telji ekkert óvenjulegt við myndbirtinguna enda séu „slíkar myndir birtar af opinberum starfsmönnum sem eru andlag umfjöllunar fjölmiðla í íslenskum fjölmiðlum daglega." Varðandi tilvitnun í Persónuvernd staðfesti forstjóri hennar að hann þekkti ekki umrætt tilvik en að ekki hafi verið óskað leyfis Persónuverndar. Því hafi fyrirsögnin „ólöglegt" átt rétt á sér.


Um leiðréttingarskyldu DV í umræddu máli telja kærðu að ekki hafi verið þörf á að leiðrétta fyrirsögnina þar sem hún hafi verið í samræmi við tölvupóst kæranda til Íslandsþósts.

Á fundi hjá síðanefnd var Magnús spurður sérstaklega út í umfjöllun DV þann 23. janúar en í þeirri frétt virðist sem Magnúsi hafi verið gefinn kostur á að koma sínu sjónarmiði á framfæri og að fréttin sé að hluta unnin upp úr tölvupósti kæranda til blaðamanns 20. janúar þar sem hann fer fram á leiðréttingu. Magnús sagði nefndinni að í fréttinni 23. janúar sé ranglega staðhæft að hann hafi sagt að Pósturinn bæri ábyrgð á nýsnum þar sem hann hafi ekki vitað til þess að neitt hafi verið gert með framangreinda hugmynd. Jafnframt sagði hann að ranglega hafi verið staðhæft í greininni að rétt hafi verið haft eftir honum í DV 20. janúar. Magnús sagði að þegar blaðamaður hafi upphaflega haft samband við hann hafi hann talið að spurningar blaðamanns snerust um hundahald í hans umdæmi og kvartanir pósthúsfólks yfir hundum á svæðinu. Í lok samtalsins hafi hann verið spurður um umræddan tölvupóst til stöðvarstjórans og hann kannast við að hafa skrifað hann, en jafnframt hafi honum skillist að blaðamaður hefði tölvupóstinn undir höndum og því ekki þurft að útskýra efni hans frekar.

Umfjöllun

Meginatriði kærunnar snýst um það hvort efni upphaflegs tölvupósts hafi gefið tilefni til þeirrar fyrirsagnar sem birtist 20. janúar og hver hafi borið ábyrgð á skráningu sem hafi hafist í framhaldi af honum skv. heimildarmanni DV.

Síðanefnd fellst ekki á það sjónarmið kærðu að



tölvubréf kæranda til yfirmanns pósthússins í

Keflavík hafi gefið tilefni til umræddrar fyrirsagnar. Af lestri tölvupóstsins er augljóst að hann setur fram hugmynd og segir: „mér var að detta í hug hvort einhverjir bréfberar hjá þér væru til í að punkta niður hjá sér hvar hunda væri að finna í þeirra hverfum." Og í lok tölvubréfsins spyr hann: „Hvernig list þér á svona samvinnuverkefni?" Ekki er með sanngirni hægt að álykta af þessum orðum að hann hafi beðið bréfbera að nýsna fyrir sig, heldur einungis sett fram hugmynd um

samvinnuverkefni við yfirmann Íslandsþósts í Keflavík.

DV hafði undir höndum heimildir fyrir því að efni bréfsins hafi verið komið á framfæri af yfirmönnum Íslandsþósts til pósthúsa og skráning hafi hafist í framhaldinu. Þessu neitar yfirmaður Íslandsþósts í fyrri fréttinni þann 20. janúar. Hafi þessari beiðni verið komið á framfæri við pósthúsa og tölvupósturinn lesinn fyrir starfsfólk, er ekki ólíklegt að það hafi túlkað það svo að beiðnin hafi komið frá kæranda. Af gögnum málsins er þó ljóst að hafi pósthúsar verið beðnir um að skrá umræddar upplýsingar hefði sú beiðni verið á ábyrgð yfirmanns Íslandsþósts en ekki kæranda, enda er tölvubréf kæranda sent til yfirmannsins en ekki á pósthúsa. Fyrirsögnin 20. janúar er því verulega villandi.

Í kjölfar fréttarinnar 20. janúar sendi Magnús tölvupóst til blaðamanns DV sama dag og óskaði leiðréttingar. Efni tölvupóstsins birtist að hluta í frétt blaðsins 23. janúar en á forsiðu er fyrirsögnin „Magnús H. Guðjónsson. Segir póstin bera ábyrgð á nýsnum." Enga slíka fullyrðingu er að finna í tölvupósti Magnúsar, einungis lýsing á upphaflegum tölvupósti hans til stöðvarstjóra og atriði sem fyrr eru rakin.

Framsetning DV í báðum þessum eignum, og sérstaklega forsiðufyrirsagnir 20. og 23. janúar, er því verulega ónákvæm og villandi og ekki í samræmi við 3. grein síðareglna BÍ þar sem kveðið er á um að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu.

Úrskurður

Ritstjórn DV telst hafa brotið gegn 3. grein síðareglna Blaðamannafélags Íslands. Brotið er ámælisvert.

Reykjavík 22. maí 2006

Hjörtur Gíslason,
Jóhannes Tómasson,
Brynhildur Ólafsdóttir,
Salvör Nordal,
Sigurveig Jónsdóttir

Alvarlegt brót hjá DV

Mál nr. 9/2005-2006

Kærandi:

Steingrímur Ólafsson

Kærðu:

Ritstjórn DV

Kæruefni:

Fréttir og myndbirtingar af morði sem framið var í El Salvador 12. febrúar 2006

Kæran barst siðanefnd í bréfi dags. 31. mars 2006. Málið var tekið fyrir á fundum siðanefndar 12. og 26. apríl, og 8. og 15. maí. Sjónarmið kærðu kom fram í ódagsettu bréfi Óskars Hrafn Þorvaldssonar fréttastjóra DV sem barst siðanefnd með tölvupósti 24. apríl 2006.

Málavextir

Dagana 15., 16. og 17. febrúar 2006 birtust fréttir á forsiðum og innsiðum DV af morði sem framið var í El Salvador helgina áður. Bróðir kæranda og vinkona hans höfðu fundist í vegarkanti rétt utan við höfuðborgina San Salvador og höfðu þau verið skotin til bana.

Hinn 17. febrúar birtu flestir fjölmiðlar yfirlýsingu frá aðstandendum Íslendingansins sem myrtur var, Jóns Þórs Ólafssonar. Þar segir m.a. að aðstandendur Jóns Þórs harmi „ósmekklegar og tilgangslausar myndbirtingar DV í morgun þar sem fjallað var áfram um hið hörmulega atvik er átti sér stað í El Salvador um helgina.“ Jafnframt segir að í yfirlýsingu aðstandenda á mánudeginum hafi fjölmiðlar verið beðnir um að sýna nærgætni í umfjöllun sinni og hafi

aðrir fjölmiðlar farið að þeim tilmælum. Sérstaklega var bent á að Jón Þór léti eftir sig tvö ung börn. Þau eru búsett hér á landi.

Í kærinni segir að umfjöllun DV um málið hafi verið í æsifréttastil og myndbirtingar af vettvangi morðsins hafi verið „með öllu ósæmandi og særandi auk þess sem þær fela í sér vanvirðingu við hinn látna.“ Birtar voru myndir af vettvangi þar sem lögreglumenn undirbúa brottflutning tveggja líka og er annað þeirra ekki komið í lík-poka. Telur kærandi að ýmislegt bendi til þess að það hafi verið af Jóni Þór, þótt myndatexti segði annað, enda hefðu lögregluþyrirvöld í El Salvador staðfest að svo væri. Alls voru birtar 7 myndir af vettvangi í blaðinu 16. febrúar, á forsiðu og í opnu á bls. 14-15. Um forsiðumyndina segir kærandi að með henni hefði hinum látnu verið sýnd óvirðing. Síðan segir í kærinni: „Þá er myndasýrpa inni í blaðinu sem sýnir hvernig líkunum er dröslað til og frá. Er þessi opna blaðsins afar særandi og erfið aðstandendum. Myndbirtingar þessar eiga sér engin fordæmi, óvarið lík, lík í poka og blóðflekkir.“

Þá segir kærandi að mikið sé um rangfærslur í texta fréttanna og þær alvarlegustu séu að hinn látni hafi sætt pyntingum og verið tekinn sem gisl. Hið fyrrnefnda er að sögn DV haft eftir móður unnustu Jóns Þórs og hið síðarnefnda eftir yfirmanni hjá DECO-rannsóknarlögreglunni sem stýrir rannsókn morðmálsins.

Kærandi segist hafa frétt að fyrirhugaðri myndbirtingu að kvöldi 15. febrúar og hafi hann þá farið á ritstjórnarskrifstofur DV til að freista þess að koma í veg fyrir birtingu þeirra. Telur hann sig þar með hafa uppfyllt skilyrði siðareglna BÍ um að leitað sé leiðréttinga.

Telur kærandi að með birtingunni

hafi ritstjórar, fréttastjóri og blaðamenn þeir sem að umræddum fréttum komu brotið 1. og 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Í 1. grein segir m.a. að blaðamaður leitist við að gera ekkert það sem til vanvirðu megi telja fyrir stétt sína. Í 3. grein segir að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur sé og sýni fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðist allt sem valdið geti saklausu fólki, eða fólki sem eigi um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Óskar Hrafn Þorvaldsson fréttastjóri DV svarar kærinni f.h. annarra starfsmanna blaðsins sem að málinu komu, ritstjórnanna Björgvins Guðmundssonar og Páls Baldvins Baldvinssonar og blaðamannanna Andra Ólafssonar og Jakobínu Davíðsdóttur.

Í svari Óskars Hrafn segir að byrjað hafi verið á því þriðjudaginn 14. febrúar að ræða við föður Jóns Þórs og í kjölfar þess hafi kærandi komið á blaðið og farið fram á „að ekkert yrði haft eftir föður hans í fréttinni um málið og raunar krafist þess að ekkert yrði skrifað um málið.“ Umræddar myndir hafi borist blaðinu frá dagblaði í San Salvador þegar liða tók á daginn en af tillitssemi við aðstandendur hafi aðeins verið birt ein myndanna þar sem ekki hafi verið hægt að greina neitt nema lögreglumenn á vettvangi. Þá hafi verið ákveðið að birta ekki neitt frá föður Jóns Þórs og þannig hafi ritstjórnin viljað koma til móts við óskir kæranda og sýna föður í sorg tillitssemi. Hinar myndirnar voru svo birtar degi síðar.

Þá segir í svari kærðu: „Allt tal um að ekki sé hægt að sjá hvort líkið sé í raun Jón Þór er rangt því ef glögg er skoðað sést að líkið, sem er ekki í poka, er í kvenmannsskóm. Ég ætla ekki að draga dul á það að myndirnar

eru á margan hátt óhugnanlegar en þær eru sannar. Þær lýstu betur ástandinu og málinu heldur en hundrað greinar.“

Hvað varðar ásökun kæranda um rangfærslur segir að DV hafi ekki haldið neinu fram, heldur aðeins vitnað í það fólk sem hafði aðkomu að málinu í El Salvador. Þeir sem rætt var við voru blaðamaður sem kom einna fyrst á morðstaðinn, eiginmaður konsúls Íslands í El Salvador, háttsettir menn frá lögreglunni og móðir unnustu Jóns Þórs sem einnig var myrt. Í fréttaoöflun af málinu segja kærðu að mikillar nákvæmni hafi verið gætt. Annar blaðamaðurinn sem vann mest að málinu tali góða spænsku og því hafi verið rætt við viðmælendur á þeirra eigin tungu.

Þá telja kærðu ekki að kærandi hafi leitað leiðréttingar hjá blaðinu. Hann hafi í staðinn ruðst inn á ritstjórnarskrifstofur blaðsins í tvígang og reynt að hafa áhrif á fréttaflokkning með hótunum sem snúið hafi að fjölskyldu hans og annars ritstjóra blaðsins. Farið er fram á að kærinni verði vísað frá.

Umfjöllun

Siðanefnd náði ekki sameiginlegri niðurstöðu í málinu. Meirihluti nefndarinnar telur að líta verði svo á að ekki sé hægt að leiðrétta umræddar myndbirtingar og því verði kærinni ekki vísað frá af þeim sökum. Þá telur meirihluti siðanefndar ekki unnt að leita leiðréttinga á ummælum viðmælenda blaðsins. Ekki verður séð af gögnum málsins hvort þau hafi reynt röng.

3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands kveður skýrt á um að blaðamaður skuli forðast allt það sem gæti valdið saklausu fólki, eða fólki sem eigi um sárt að binda óparfa sársauka eða vanvirðu. Á það jafnt við um texta og myndir. Meirihluti siða-

nefndar telur að þess hafi ekki verið gætt í þessu máli. Fram kemur í svari kærðu að ritstjórn DV hefur gert sér grein fyrir því að birting myndanna gæti valdið sárindum hjá aðstandendum, enda ákveðið að bíða í einn sólarhring með hana. Einn dagur breytir þó ekki miklu þegar um er að ræða atburð sem þennan.

Meirihluti siðanefndar lítur svo á að farið hafi verið offari í umfjöllun DV um morðið. Ekki verður talið að sýnd hafi verið nægileg tillitssemi við fólk sem orðið hafði fyrir miklu áfalli. Tekið er undir að mikið hafi verið lagt í upplýsingaoöflun og þótt framsetning fréttanna sé glannaleg er ekki lagður dómur á sannleiksgildi þeirra. Um myndirnar gildir öðru máli. Þar hefði mátt fara mun vægar í sakirnar. Ekki verður séð að fréttagildi myndanna hefði minnkað við það að láta vera að birta heila myndasýru eða þótt valin hefði verið mynd þar sem líkin voru ekki í forgrunni.

Úrskurður meirihluta siðanefndar: Ritstjórn DV telst hafa brotið gegn 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík, 15. maí 2006.

*Hjörtur Gíslason;
Salvör Nordal;
Sigurveig Jónsdóttir*

Álit minnihluta siðanefndar:

Minnihluti siðanefndar telur að öll umfjöllun fjölmiðla um þann hörmulega atburð sem hér um ræðir hafi verið til þess fallin að valda aðstandendum hins látna Íslendinga sársauka. Spurningin sem svara verður lýtur að því hvort annars vegar umfjöllun en hins vegar myndbirting DV hafi valdið

aðstandendum óparfa sársauka og vanvirðu.

Ekki er hægt að fallast á að upplýsingaoöflun blaðsins og umfjöllun hafi verið ónákvæm eða óvönduð. Blaðamenn DV leituðu upplýsinga víða. Þeir hafa ummæli eftir fólki, sem ætla má að búi yfir nákvæmri vitneskju; ummæli sem ekki er sýnt fram á í kærinni að hafi verið röng á þeim tímapunkti sem um málið var fjallað. Það eru tíðindi þegar Íslendingur er myrtur, sem eiga erindi við allan almenning, og um þau er óhjákvæmilega fjallað í fjölmiðlum af talsverðri nákvæmni. Ekki verður séð að efnisleg umfjöllun DV hafi valdið aðstandendum óparfa sársauka eða vanvirðu, umfram þann sársauka sem öll slík umfjöllun veldur.

Hvað varðar myndbirtingu DV, þá var íslenskum ættingjum hins látna tilkynnt um fyrirhugaðar myndbirtingar. Ritstjórnin ræddi, í einu tilviki, í allt að tvær og hálf klukkustund við ættingja hins látna. Ekki verður séð að framganga blaðsins hafi einkennst af skeytingarleysi og vanvirðu við málsaðila. Minnihluti siðanefndar tekur undir að framsetning myndanna af lögregluvettvangi, ásamt flennifyrirsögn, hafi verið nokkuð glannaleg; forsíðumyndin er stór og myndirnar inni í blaðinu margar. Hins vegar er minnihlutinn þeirrar skoðunar að þessar myndir af vettvangi séu upplýsandi fréttamyndir sem sýni lesendum aðstæður og starfsaðferðir lögreglu í framandi landi. Íslenskir fjölmiðlar hafa á undanförunum árum sýnt frá vettvangi slysa og morða og flutningi slasaðra eða látinna með svipuðum hætti og DV gerir í þessu máli. Minnihluti siðanefndar telur ekki að DV hafi farið út fyrir vébönd siðareglna í þessu máli.

Úrskurður minnihluta siðanefndar:

Minnihluti siðanefndar getur ekki fallist á að siðareglur Blaðamannafélags Íslands hafi verið brotnar í umfjöllun DV í þessu máli.

Reykjavík, 15. maí 2006.

*Brynhildur Ólafsdóttir;
Kristinn Hallgrímsson*



Alvarlegt brót hjá DV

Mál nr. 10/2005-2006

Kærandi: Óskar nafnleyndar.

Kærðu: Valur Grettisson, blaðamaður, og ritstjórnarnir Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson

Kæruefni: Fréttir af ræstingakonu sem talin var grunuð um þjófnað.

Kæran barst siðanefnd í bréfi dags. 5. apríl 2006 frá lögmanni kæranda, Jóni Egilssyni hdl. Málið var tekið fyrir á fundum siðanefndar 8., 15., og 22. maí 2006. Sjónarmið kærðra komu fram í rafpósti Páls Baldvins Baldvinssonar, ritstjóra DV, sem barst siðanefndinni 15. maí 2006. Kærandi óskar nafnleyndar, og er orðið við þeirri beiðni í úrskurði þessum.

Málavextir:

Dagana 24. og 25. mars 2006 birtust fréttir í DV um þjófnað á ca. tveimur milljónum króna af bankareikningi starfsmanns Brimborgar hf. með færslum úr heimabanka hans. Í fyrirsögn á forsiðu DV fyrri daginn kemur fram að önnur tveggja skúringakvenna hjá Brimborg hf. væri grunuð um að hafa stolið milljónum tveimur. Jafnframt kom fram í undirfyrirsögn að hin grunaða hefði áður tengst fjármálamisferli og væri óvirkur spilafíkill.

Í frétt á bls. 8 hinn 24. mars 2006 segir að kona sem vinni við skúringar sé grunuð um að hafa komist í tölvu nafngreinds starfsmanns Brimborgar hf. og millifært milljónirnar inn á reikning broður síns. Segir í fréttinni að samkv. heimildum DV muni hin grunaða hafa komist í gögn starfsmannsins í gegnum starf sitt sem skúringa-

kona. Hin grunaða sé 28 ára og hafi áður verið orðuð við fjársvik.

Í frétt á bls. 6 í DV hinn 25. mars 2006 segir að skúringakonan sem grunuð sé um að hafa stolið tæpum tveimur milljónum króna af starfsmanni Brimborgar hf. hafi áður verið dæmd fyrir þjófnað þegar hún vann sem afgreiðslukona hjá 10-11 á árinu 2000. Er málsatvikum þess máls lýst ítarlega, itrekað sagt frá grunsemdum á hendur henni vegna þjófnaðar af bankareikningi starfsmanns Brimborgar hf. Jafnframt er upplýst að hin grunaða neiti öllum ásökunum í þá veru.

Í kærnu lögmanns kæranda segir að umþjófandi hans hafi fengið upphringingu frá Vali Grettissyni blaðmanni DV degi fyrir birtinguna 24. mars 2006 þar sem hann hafi borið á kæranda framangreind fjársvik, en auk þess upplýst að frétt myndi birtast daginn eftir um málið, ásamt nafni og mynd kæranda. Eftir samtali við umþjófanda sinn umræddan dag segist lögmaðurinn hafa rætt við þann lögreglumann sem með málið hafði að gera og sá hefði upplýst sig um að kærandi væri ekki grunaður í málinu. Lögmaðurinn segist þá hafa hringt í Val blaðmann og upplýst hann um þetta atriði og jafnframt mótmælt fyrirhuguðum frétttaflutningi, þ.e. áformum um að bendla kæranda við málið. Segist lögmaður kæranda hafa fengið loforð um að tekið yrði tillit til þessara sjónarmiða. Þrátt fyrir þetta hafi fréttirnar birst, eins og að framan greinir.

Í kærinni segir; „aðför DV að umþj. mínum er með ólíkindum. Vitandi að umþj. minn liggur ekki undir grun í málinu skv. lögreglu slengir DV ofangreindu á forsiðu. Þrátt fyrir að umþj. minn sé ekki nafngreindur eða birt mynd af honum í þessu blaði 24. mars er ljóst við hvern er átt. Allir sem

þekkja til umþj. míns og þeir sem tengjast Brimborg vita hvern DV á við. Bersýnilega ranglega og andstætt betri vitund, segir DV að umþj. minn sé sterklega grunuð um verkið. Þá er ýjað að því að umþj. minn skoði viðkvæm gögn í tölvum starfsmanna Brimborgar eftir að þeir fara heim úr vinnu.“ Segir í kærinni að frétttaflutningurinn og tilheyrandi aðdróttanir hafi verið „mjög meiðandi“ fyrir kæranda og hafa þann „tilgang einan að meiða æru hennar.“

Varðandi siðari fréttina sem birtist 25. mars 2006 og fjallar um fimm ára gamalt refsímál á hendur kæranda, þar sem kærandi var dæmdur fyrir að stela rúmum 20 þús. kr., segir í kærinni; „ekkert tilefni er til að DV birti nær „heilsíðufrétt“ um það mál svo löngu síðar. Þá segir í fyrirsögn að skúringakonan hafi áður verið dæmd fyrir þjófnað líkt og hún hafi aftur verið dæmd núna!“ Telur lögmaður kæranda að DV hafi brotið gegn 4. og 5. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands með umfjöllun sinni.

Kærðu segja í umsögn sinni til siðanefndar að heimildir hafi borist um ofangreindan þjófnað inná ritstjórn DV hinn 23. mars 2006. Staðfest hefði verið þegar liða tók á kvöldið að atburðurinn hefði átt sér stað, og haft eftir framkvæmdastjóra Brimborgar að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar. „Staðfest var að einstaklingur í ræstingum væri grunaður um stuldinn eða aðild að honum. Staðfest var að lögreglan ynni að rannsókn málsins. Samkvæmt heimildum DV beindist grunurinn alfarið að einum af tveimur starfsmönnum í ræstingum í fyrirtækinu. Heimildir greindu einnig frá fyrri afbrotiferli þess sem grunaður var.“ Á grundvelli framangreindra heimilda var fréttin sem birtist 24. mars 2006 rituð. Kærðu segja að engin gögn, s.s. hljóðritanir, liggja fyrir um sam-

skipti blaðamanns DV og lögmanns kæranda hinn 23. mars 2006. „Sem gögn eru frásagnir lögmansins einskis virði,“ segir í umsögn kærðra. Þá segja kærðir, að „önnur frétt af þessu tilefni“ hafi birst deginum eftir, þar sem „rakinn“ var „dómur yfir viðkomandi einstaklingi frá 2000. Voru málavextir raktir og einnig greint frá að stúlkan neitaði að hafa átt þátt í ráninu úr heimabankanum í Brimborg. Enn var nafnleysi stúlkunnar virt og ekki birt af henni mynd.“

Upplýst er í umsögn kærðu, að í frétt DV 5. apríl 2006 hafi bróðir hinnar grunuðu játað aðild sína að málinu en lagt áherslu á sakleysi systur sinnar. Jafnframt segir þar frá frétt í Fréttablaðinu 9. maí 2006, þar sem fram komi að bróðir kæranda hafi játað þjófnaðinn á sig, en jafnframt að kær-

andi lægi ekki lengur undir grun, en vitorðsmaður bróðurinn innan Brimborgar væri hins vegar enn ófundinn.

Um fjöllun:

Siðanefnd getur tekið undir með ritstjórn DV, að ofangreindur þjófnaður úr heimabanka starfsmanns Brimborgar hf. hafi verið fréttæfni og eðlilegt að segja frá honum í fjölmiðlum. Þó telur siðanefnd of langt gengið að greina jafn nákvæmlega frá grunsemdum um meinta sekt kæranda í málinu og DV gerir í umrætt sinn. Um fjöllunin jaðraði við nafnbirtingu og þó liggur ekkert fyrir um að lögregla hafi grunað kæranda um þjófnaðinn. Með þetta í huga er um fjöllun DV um fimm ára gamlan refsisdóm kæranda jafnframt verulega ósanngjörn.

Siðanefnd telur að DV hafi ekki gætt nægilegrar aðgátar og varfærni við fréttaskrif sín í ofangreindu máli. Siðanefndin telur að með vinnubrögðum sínum hafi ritstjórn DV brotið gegn 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

Úrskurður:

Ritstjórn DV telst hafa brotið gegn 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík, 22. maí 2006.

*Kristinn Hallgrímsson,
Brynhildur Ólafsdóttir,
Hjörtur Gíslason,
Salvör Nordal,
Sigurveig Jónsdóttir*



MÁL F A R S H Ö R N

Töluorð

- Þegar tala endar á einingu, laga önnur orð í setningunni sig eftir því. Ég las þetta í þúsund og einni nótt. Alls drukknaði tuttugu og einn farþegi. Í fyrra var 631 maður á atvinnuleysiskrá.

Töluorð

- Töluatviksorðin tvisvar og þrisvar merkja það sama og tveim sinnum og þrem sinnum. Það er því rangt að segja tvisvar sinnum og þrisvar sinnum.

Beygingar

- Ath. beygingu karlkynsorða sem enda á -ir
Læknir – lækni – lækni – læknis
Lækna – lækna – læknum – lækna
Í upphafi skyldi endinn skoða
Kjötið var látið í frystinn
Þetta gleymdist í öllum flýtinum
Loks fengum við nýja spennubreytinn

Beygingar

- Munið að beygja endingar allra orða setningarinnar í samræmi við forsetninguna eða sögnina sem stýrir fallinu:
Kennarar hóta verkfalli vegna lágra launa og hækkaðs verðs á skólabókum
*Kennarar hóta verkfalli vegna lágra launa og hækkuðu verði á skólabókum
(Ath. stjórnumerktu setningin er ótæk)

Röng notkun miðstigs

- Meginreglan er að með miðstigi lýsingarorða komi samanburður. Miðstig stendur ekki eitt.
Ekki segja: *Þetta kostar fleiri hundruð krónur.
Rétt er: Þetta kostar mörg hundruð krónur
Ekki segja: *Þetta var eldri maður.
Rétt er: Þetta var roskinn / gamall maður.
Ekki segja: *Hann var þar í lengri tíma.
Rétt er: Hann var þar í langan (alllangan) tíma
(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Beygingar

- Munið að beygja kvenkynsorðin:
Ákvörðun stjórnvalda leiðir til skipulagsbreytingar í stjórnkerfinu
*Ákvörðun stjórnvalda leiðir til skipulagsbreytingu í stjórnkerfinu
Við sendum boltann yfir til Þórnyjar í Efstaleiti...
*Við sendum boltann yfir til Þórnyju í Efstaleiti...
(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Röng notkun þolmyndar (ensk áhrif)

- *Frakkland var tekið af Þjóðverjum
Þjóðverjar tóku Frakkland
*Hér birtist mynd af mótmælagöngu sem tekin var af ljósmyndara blaðsins
Hér birtist mynd af mótmælagöngu sem ljósmyndari blaðsins tók
*Aðalhlutverkið er leikið af Ingvari Sigurðssyni
Ingvar Sigurðsson leikur aðalhlutverkið
(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)



Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur eru í gildi í ársbyrjun 2006:

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 400 þúsund kr. í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 10 þúsund kr. á ári að 18 þúsund kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sjúkraþjálfun og –nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 35 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Frá ársbyrjun 2006 nemur styrkfjárhæð 350 þúsund kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjógvanir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjógvanna samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 50 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 50 þús. kr. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir tíu skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

Heilsuhæli:

Greiddur er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 50 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á sjónglerjum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 40 þúsund á 36 mánaða fresti.

Göngumæling/Innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 15 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei oðrið hærra en 125 þúsund kr.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 18 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofssjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Blaðamannafélagsins, www.press.is